

GUDMUNDUR K. SÆMUNDSEN

Bar upp bórnörð á toppnum

Ferðir Bílar
allt í MIÐJU BLAÐSINS



VINNUVÉLAR

Vélafans í Vatns- endahverfi

Sérblað um vinnuvélar
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



SÉRBLAÐ FYLGIR

Europpris

FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. maí 2007 – 139. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MIÐVIKUDAGUR

Einstakir hljóðskúlptúrar

Icelandic Sound Company, Kirsten Glam og Egill Ólafsson á Lista-hátíð.

MENNING 21



Skemmtileg tilviljun

Plötuumslög Hilmars Jensonar og Paul McCartney eru glettilega lík.

FÓLK 30



Spennan magnast

Jón Óli Ólason tekur sér frí fyrir hádegi vegna leiks Liverpool og AC Milan.

ÍPRÓTTIR 27


Fjórir nýliðar í landsliðinu

Eyjólfur Sværissón valdi fjóra nýliða í íslenska landsliðið í knattspyrnu sem leikur tvo leiki í undankeppni EM 2008 á næstunni.

ÍPRÓTTIR 26



VEÐRIÐ Í DAG



SKÚRIR EÐA ÉL - Í dag verður norðvestlæg og vestlæg átt, yfirleitt 5-10 m/s. Hálskýjað eða léttskýjað suðaustan og austan til, skýjað norðaustan til, annars lítilsháttar skúrir eða él og víða ágætlega bjart á milli. Hiti yfirleitt 3-10 stig.

VEÐUR 4

SHIMANO hjól HYPERLOOP

2007/10.02



Pú færð Shimano í næstu sportvöruverslun



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR Gengur á fund Samfylkingarfólks á Hótel Sögu. Hún verður utanríkisráðherra í stjórninni sem tekur við völdum á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



GEIR H. HAARDE Forsætisráðherra ræðir við blaðamenn í Valhöll. Hann fer á fund forseta í dag og skýrir honum formlega frá myndun nýrrar stjórnar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Uppstokkun velferðarmála

Sérstök áhersla er lögð á velferðarmál í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Breyta á almannatryggingakerfinu, endurskoða skattamál lág- og millitekjufólks og bæta hag aldraðra.

STJÓRNMÁL Lögð er áhersla á velferð í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar.

Um það ber stofnun sérstaks velferðarráðuneytis vitni.

Breytingar á almannatryggingakerfinu eru boðaðar og færast meðferð og umsýsla lífeyristrygginga frá heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti til hins nýja ráðuneytis.

Skattamál lág- og millitekjufólks á að skoða sérstaklega á kjörtímabilinu og verður persónuafsláttur hækkaður og stimpilgjöld afnumin þegar og ef aðstæður leyfa.

Þá ætlar ríkisstjórnin að bæta hag aldraðra með sérstökum aðgerðum.

Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, verður forsætisráðherra og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, verður utanríkisráðherra í nýju stjórninni.

„Ég hef bara verið að hugsa um að ljúka þessu verkefni áður en ég sný mér að því næsta. Ég met það þegar þar að kemur hvaða verkefni verða á dagskránni,“ svaraði Ingibjörg Sólrún í gærkvöldi spurð um sínu fyrstu verk í embætti.

Hvor flokkur fær sex ráðuneyti en talsverð breyting verður gerð á tilhögun stjórnarráðsins.

Björgvin G. Sigurðsson verður viðskiptaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir velferðarráðherra, Kristján L. Möller verður samgönguráðherra, Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra og Össur Skarphéðinsson fer með nýtt og breytt iðnaðarráðuneyti.

Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, verður ekki ráðherra.

Aðeins verður ein breyting á ráðherraliði Sjálfstæðisflokksins; Sturla Böðvarsson lætur af embætti samgönguráðherra en Guðlaugur Þór Þórðarson verður heilbrigðisráðherra.

Porgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, verður áfram menntamálaráðherra, Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra, Björn Bjarnason dómsmálaráðherra og Einar K. Guðfinnsson verður ráðherra í nýju sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

Geir H. Haarde mun ganga á fund forseta Íslands klukkan hálf

Sjávarútvegur og landbúnaður færast saman í eitt ráðuneyti

Ný ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar ætlar að gera umfangsmiklar breytingar á skipan stjórnarráðs Íslands. Sameina á ráðuneyti og færa til málaflokka. Málafni sjávarútvegs og landbúnaðar verða sameinuð í eitt ráðuneyti. Einar K. Guðfinnsson, sem verður sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sagði það spennandi tilhugsun að bæta við sig landbúnaðarráðuneytinu, en sagði ekki liggja fyrir að ráðuneytin yrðu formlega sameinuð í eitt ráðuneyti atvinnumála á kjörtímabilinu. Landgræðsla og skógrækt flytjast frá landbúnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis og menntamál landbúnaðarins; búnaðarháskólarnir, færast til menntamálaráðuneytisins. Ráðuneytum iðnaðar- og viðskipta, sem starfrækt hafa verið undir einum

ráðherra og einum ráðuneytisstjóra, verður skipt upp. Ferðapjónusta færast frá samgönguráðuneyti til iðnaðarráðuneytis og þróunarsamvinna færast frá utanríkisráðuneyti til viðskiptarráðuneytis.

Lífeyristryggingar flytjast úr heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti til félagsmálaráðuneytis sem verður kallað velferðarráðuneyti en sjúkra- og slysatryggingar verða áfram hjá heilbrigðisráðuneytinu.

Úr félagsmálaráðuneytinu færast sveitarstjórnarmál til samgönguráðuneytis og forræði íbúðalánasjóðs til fjármálaráðuneytis. Þá verður Hagstofan sjálfstæð stofnun en ekki ráðuneyti eins og verið hefur.

Síðast varð breyting á skipan stjórnarráðsins þegar stofnað var til umhverfisráðuneytisins 1990.

- bps

tíu í dag og greina honum formlega frá stjórnarmynduninni.

Ný ríkisstjórn mun svo taka til

starfa á morgun, eftir fund ríkisráðs á Bessastöðum.

- bps / sjá síðu 2 og 4

NYTT 2007 **SETTU ÞAÐ SAMAN** **ORMSSON** Af hverju að borga meira?

Lítu inn og sjáðu með eigin augum úrvalið af vönduðum og fallegum innréttingum sem þú getur auðveldlega sett saman.

ORMSSON SMÁRALIND · SÍMI 530 2907 / 530 2908

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

www.hetp.is

KJÖRKASSINN



Björn, geta fangarnir farið að hugsa sér gott til glóðarinnar?

„Aðalatriðið er að sjá þeim fyrir flóttaleiðum.“

Fangar á Litla-Hrauni segja brunavörnum og neyðarútgöngum í fangelsinu ábótavant. Björn Karlsson brunamálastjóri hefur heitið að bregðast við athugasemdunum.

Fundur borgarstjóra og íbúa vegna heimilis fyrir útigangsmenn:

Heimilið verður kannski fært

FÉLAGSMÁL Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri útilokar ekki að hætt verði við heimili fyrir heimilislausu að Njálsgötu 74. Tekin verði ákvörðun eftir að nefnd íbúa og borgarstarfsmanna hafi fjallað um málið.

„Við höfum þá skyldu að finna heimili fyrir þessa einstaklinga því þetta er fólk eins og við,“ sagði Vilhjálmur á opnum fundi í Austurbæjarskóla í gær um væntanlegt heimili. „Einhvers staðar þarf fólk að vera.“

Jórunn Frimannsdóttir, formaður velferðarráðs, bendir á að verði hætt við heimilið verði aðstandendur hinna heimilislausu aftur á byrj-



ÚR SAL AUSTURBÆJARSKÓLA Vilhjálmur Vilhjálmsson borgarstjóri og Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi höfðu framsögu á fundinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

unarreit. Á fundinum lagði hún áherslu á að réttnefnd heimili væru aldrei í iðnaðarverfum og reynslan sýndi að þessi hópur þyrfti að vera

miðsvæðis. Erfitt væri að finna honum stað, því þótt allir væru sammála um að hjálpa þyrfti fólkinu vildi enginn búa því heimili í sínu eigin nágrenni.

Þorsteinn H. Ástráðsson, íbúi við Njálsgötu, rakti nokkrar mótbáru íbúa. Hann gerði athugasemd við að einungis fimmtán metrar væru í næsta leikskóla og að mennirnir gætu verið í vímuefnaneyslu. Þorsteinn sagði félagslegar íbúðir á svæðinu nú þegar of margar og að fasteignir íbúa myndu falla í verði vegna heimilisins.

Um hundrað íbúar á Njálsgötu og í nágrenni hafa mótmælt fyrirhuguðu heimili.

- kóp

Framsóknarflokkurinn:

Siv formaður þingflokksins

STJÓRNMÁL Siv Friðleifsdóttir var kjörin formaður þingflokks Framsóknarflokksins á fundi þingflokksins í gær. Siv tekur við formennsku af Hjálmari Árnasyni.

Magnús Stefánsson og Birkir Jón Jónsson eru meðstjórnendur en Bjarni Harðarson og Höskuldur Þór Þórhallsson varamenn. Önnur í þingflokki Framsóknar eru Valgerður Sverrisdóttir og Guðni Agústsson. Sá síðarnefndi hefur verið orðaður við formannsembætti flokksins láti Jón Sigurðsson, núverandi formaður, af embætti. Þeir vildu ekki tjá sig um hugsanleg formannsskipti við Fréttablaðið í gær.

- bps/kóp

Byr kaupir auglýsingar á bloggi:

Launaðir eðalbloggarar

AUGLÝSINGAR Byr hefur nú gripið til nýstárlegrar aðferðar til að auglýsa persónulega þjónustu sína. Bankinn hefur valið fjórar bloggsíður til að birta auglýsingar sínar á. Bloggararnir sem um ræðir eru Óli Björn Kárason, Guðmundur Steingrímsson, Pétur Gunnarsson og Ellý Ármann.



GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins samdi bankinn við bloggarana um að greiða þeim fimmtíu þúsund krónur á mánuði fyrir birtinguna. Guðmundur Steingrímsson segir enga skilmála í samningum milli sín og bankans. „Þeir vildu auglýsa á heimasíðu minni og það er velkomið.“

- jbg / sjá síðu 30

Útrás Straums heldur áfram:

Vilja taka yfir finnskan banka

VÍÐSKIPTI Gengi bréfa í finnska bankanum eQ hækkaði um 49 prósent í gær í kjölfar fregna af væntanlegu yfirtökutilboði Straums-Burðaráss í bankann.

Straumur-Burðarás tilkynnti í gær um kaup á 62 prósent hlut í bankanum, sem er sérhæfður í eignastýringu, verðbrefamiðlun og fyrirtækjarðgjöf. Í júní verður yfirtökutilboð gert í afganginn af hlutafé bankans og kaupréttum. Samanlagt virði kaupanna samsvarar um 22 milljörum króna.

Friðrik Jóhannsson, forstjóri Straums-Burðaráss, gerir ráð fyrir að gengið verði að tilboðinu. Stjórn félagsins mæli með því að hluthafar taki því. - hhs/sjá Markaðinn



BJÖRN BJARNASON HÉLT VELLI Hann mun gegna embætti dómismálaráðherra áfram. Björn var í gær ánægður með þá niðurstöðu og sagðist alveg eins hafa átt von á henni. Hann sagði þetta vissulega góða viðurkenningu formanns, þingflokks og annarra sem að þessu hefðu komið á sínum störfum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



JÓHANNA SIGURDARDÓTTIR SNÝR AFTUR „Ég mun taka mér góðan tíma í að fara yfir stöðuna í málaflökkum í ráðuneytinu,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir, verðandi velferðarráðherra. „Síðan mun ég fá inn í þetta mjög þýðingarmikinn málaflökk sem er lífeyrishluti almannatryggingakerfisins.“

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nefnd allra flokka meti hagsmunum gagnvart ESB

Samráðsnefnd á að fylgjast með þróun Evrópusambandsins. Stefnt er að auknu frjálsræði í landbúnaði. Stækka á friðlandið í Þjórsárverum. Vinna á verndar- og nýtingaráætlun auðlinda á næstu tveimur árum.

STJÓRNMÁL Ríkisstjórn Geirs H. Haarde hyggst efna til opinskárrar umræðu um Evrópumál á kjörtímabilinu.

Samráðsnefnd stjórnmalaflokka verður komið á fót og verður henni ætlað að fylgjast með þróun mála á vettvangi Evrópusambandsins og meta hagsmuni Íslands gagnvart sambandinu.

Þetta er meðal þess sem fjallað er um í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar. Nefndinni verður ætlað að starfa á grundvelli Evrópunefndar sem skilaði skýrslu á vordögum.

Í stjórnarsáttmálanum er farið bil beggja. Í landsfundarályktun Sjálfstæðisflokks segir að flokkurinn telji aðild að ESB ekki þjóna hagsmunum þjóðarinnar eins og málið er háttað.

Í stefnuskrá Samfylkingarinnar fyrir kosningarnar sagði að sækja ætti um aðild að

sambandinu og hefja aðildarviðræður.

Á næstu tveimur árum á að vinna að verndar- og nýtingaráætlun náttúruauðlinda landsins en þegar liggur fyrir að friðland Þjórsárvera verður stækkað.

Þá er afráðið að vernda Langasjó og fleiri náttúruperlur.

Ný ríkisstjórn Íslands hvarf atökin í Írak en heitir stuðningi við áframhaldandi uppbyggingu í landinu.

Breytingar á landbúnaðarkerfinu eru fyrirhugaðar og skulu þær miða að auknu frjálsræði og sjálfstæði í landbúnaði.

Þá er stefnt að ríkum áherslum í velferðarmálum líkt og getið er á forsiðu.

Möguleikar á nýju rekstrarformi í heilbrigðisþjónustu eru taldir aukast – og verða skoðaðir – með breytingu á tryggingakerfinu.

Flokksformennirnir, Geir H. Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, greindu þing-

mönnum frá niðurstöðum fimm daga stjórnarmyndunarviðræðna sinna í gær.

Geir tók á móti þingmönnum Sjálfstæðisflokksins í Ráðherraástarðnum við Tjarnargötu en Samfylkingarþingmennirnir gengu á fund Ingibjargar Sólrúnar á skrifstofu hennar í húsakynnum Alþingis. Klukkan sjö í gærkvöldi kom þingflokkur Samfylkingarinnar saman á Hótel Sögu og á klukkustundarlöngum fundi upplýsti Ingibjörg Sólrún þingmenn um ráðherraval sitt. Að þeim fundi loknum hófst fundur í um 120 manna flokksstjórn í Súlnasalnum þar sem Ingibjörg greindi frá efni stjórnarsáttmáls og tillögu sinni að ráðherraskipan. Fundurinn stóð í um tveir klukkustundir. Geir kynnti flokksráði Sjálfstæðisflokksins efni stjórnarsáttmálsins á um 40 mínútna löngum fundi og hlaut samþykki með lófataki. Að því búnu greindi hann þingflokknum frá ráðherravali sínu.

bjorn@frettabladid.is

Þúsundir flúðu átökin í palestínsku flóttamannabúðunum Nahr el-Bared:

Þriðji dagur átaka í Líbanon

LÍBANON, AP Þúsundir manna flúðu úr palestínsku flóttamannabúðunum Nahr el-Bared í gærkvöldi þegar lát varð á bardögum liðsmanna Fatah-hreyfingarinnar og stjórnarhersins. Í gær var þriðji dagur átakanna sem hófust á sunnudag þegar lögregla hugðist handtaka nokkra liðsmenn hreyfingarinnar vegna gruns um aðild að bankaráni.

Líbanski Rauði krossinn sendi frá sér tilkynningu í gær um að hann hefði annast sextíu særða og flutt 32 lík frá búðunum frá því á sunnudag en vegna takmarkaðs aðgangs að búðunum eru engar staðfestar tölur til yfir fjölda látinna.

Tugir palestínskra flóttamanna söfnuðust saman í gær og brenndu hjólbarða í stærstu flóttamannabúðum Palestínnumanna í Líbanon, Ein el-Hilweh, til að mótmæla árásinni á Nahr el-Bared. Flóttamenn í Rashideyeh-búðunum í suðurhluta landsins brenndu einnig hjólbarða í mótmælaskyni.

Alls eru 215.000 flóttamenn í elflu palestínskum flóttamannabúðum í Líbanon og mótmælin í gær auka líkur á því að fleiri risi upp vegna árásarinnar á Nahr el-Bared. Vopnaðir herskáir hópar halda einnig til í yfirfullum búðunum og takast oft á



ALLT PLÁSS NÝTT Palestínnumenn flúðu unnvörpum úr Nahr el-Bared þegar tækifæri gafst á milli harðra skothríða og sprenginga.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

innbyrðis. Slíkum hópum hefur fjölgað undanfarið.

Stjórnvöld í Líbanon hafa beðið Bandaríkin um rúmlega 17,5 milljarða króna í hernaðarlega aðstoð til að kveða niður þessa hóp, sem margir eru taldir hafa tengsl við hryðjuverkasmótökin al-Kaída.

- sdg

BÍLL DAGSINS

SAAB 9-3

Nýr bill - Beinskiptur



Verð
2.490.000.-

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020



Netreikningur Sparisjóðsins

Nýr hávaxtareikningur í Heimabankanum – stighækkandi vextir eftir innstæðu
 Netreikningur Sparisjóðsins er óverðtryggður og óbundinn hávaxtareikningur. Þú stofnar Netreikning Sparisjóðsins á www.spar.is. Reikningurinn ber stighækkandi vexti, því hærri innstæða þeim mun hærri vextir skv. vaxtatöflunni* hér að ofan. Þú hefur aðgang að Netreikningnum allan sólarhringinn í gegnum Heimabanka Sparisjóðsins. Vextir eru færðir inn í árslok.

*vextirnir eru miðaðir við vaxtatöflu 21. 4. 2007

	Fjárhæð	Vextir
1. þrep	0 – 1.999.999	12,50%
2. þrep	2.000.000 – 9.999.999	12,85%
3. þrep	10.000.000 – 29.999.999	13,30%
4. þrep	30.000.000 – 59.999.999	13,70%
5. þrep	60.000.000+	14,60%

Enginn binditími

Binditími er enginn og þú getur tekið út hvenær sem þér hentar.

Enginn kostnaður og engin úttektarþóknun

Netreikningur er alltaf laus til útborgunar án úttektarþóknunar í Heimabanka Sparisjóðsins.

Engin lágmarksinnborgun

Ekki þarf að leggja inn tiltekna lágmarksfjárhæð til að fá háa vexti.



SPARISJÓÐURINN

– fyrir þig og þína

NÝ RÍKISSTJÓRN

Þrítugasta og níunda ríkisstjórn Íslands

Ný ríkisstjórn er sú þrítugasta og níunda síðan ráðuneyti Jóns Magnússonar var stofnað 4. janúar 1917 og sú fimmtánda sem Sjálfstæðisflokkurinn fer með forsæti í.

Umfangsmiklar breytingar á stjórnarráðinu

Ný ríkisstjórn ræðst í veigamiklar breytingar á skipun og verkefnum ráðuneyta. Síðast var gerð breyting á stjórnarráðinu árið 1990 þegar umhverfisráðuneytinu var komið á fót en minni tilfærslur hafa þó orðið síðan, til dæmis þegar Hagstofan var færð undir forsætisráðherra, Seðlabanki og embætti ríkislögmans fóru undir forsætisráðuneytið og Byggingastofnun undir iðnaðarráðuneytið.

Ráðherra á ný eftir 13 ár utan ríkisstjórnar

Jóhanna Sigurðardóttir var félagsmálaráðherra í sjö ár, frá 1987 til 1994. Hún tekur nú við embætti velferðarráðherra eftir þrettán ár í stjórnarandstöðu. Jóhanna er elst ráðherra í ríkisstjórninni, 64 ára, og jafnframt sá ráðherra sem lengsta hefur þingreynsluna.

Stjórnin varð til á fimm fundum

Ný ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar var mynduð á fimm fundum.

Formenn flokkanna, Geir H. Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hittust fyrst í Alþingishúsinu á fimmtudag í síðustu viku en höfðu talað saman í síma deginum áður. Þau hittust aftur í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu á föstudag, eftir að Geir hafði fengið umboð til stjórnarmyndunar og vörðu svo helginni saman í bústað forsætisráðherra á Þingvöllum. Enn hittust þau við Tjarnargötu á mánudag og kvóddust þá á tröppunum um kaffileytið, með samstarfið svo að segja innsiglað.

Sturla Böðvarsson

Forseti Alþingis Fæddur í Ólafsvík 23. nóvember 1945. **Menntun:** Húsasmiði í lönnskólanum í Reykjavík og byggingatæknifræði í Tækniskóla Íslands. **Ferill:** Bæjarstjóri í Stykkishólmi. Alþingismaður frá 1991. Samgönguráðherra frá 1999. 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis.



Alþingismaður frá 1991. Samgönguráðherra frá 1999. 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis.

Skipting ráðherra eftir kjördæmum

REYKJAVÍK NORÐUR



Guðlaugur P. Þórðarsson
Heilbrigðisráðherra,
Sjálfstæðisflokkur.



Össur Skarphéðinsson
Iðnaðarráðherra,
Samfylking.



Jóhanna Sigurðardóttir
Velferðarráðherra,
Samfylking.

REYKJAVÍK SUÐUR



Geir H. Haarde
Forsætisráðherra,
Sjálfstæðisflokkur.



Björn Bjarnason
Dómsmálaráðherra,
Sjálfstæðisflokkur.



Ingibjörg S. Gísladóttir
Utánríkisráðherra,
Samfylking.

NORÐVESTURKJÖRDÆMI



Einar K. Guðfinnsson
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,
Sjálfstæðisfl.

NORÐAUSTURKJÖRDÆMI



Kristján L. Möller
Samgönguráðherra,
Samfylking.

SUÐURKJÖRDÆMI



Árni M. Mathiesen
Fjármálaráðherra,
Sjálfstæðisflokkur.



Björgvin G. Sigurðsson
Viðskiptaráðherra,
Samfylking.

SUÐVESTURKJÖRDÆMI



Þorgerður K. Gunnarsdóttir
Menntamálaráðherra,
Sjálfstæðisflokkur.



Þórunn Sveinbjarnardóttir
Umhverfisráðherra,
Samfylking.

HLUTFALL KYNJA Í RÁÐHERRALÍÐI FLOKKANNA



Sjálfstæðisflokkur: Ein kona og fimm karlar. Samfylking: Þrjár konur og þrjú karlar.

Fjórar konur í stjórninni

Í gærkvöldi var mynduð ný ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Átta af tólf ráðherrum ríkisstjórnarinnar eru af höfuðborgarsvæðinu. Sturla Böðvarsson verður forseti Alþingis.

Geir H. Haarde

Forsætisráðherra Fæddur í Reykjavík 8. apríl 1951. **Menntun:** MA próf í hagfræði og alþjóðastjórnmálafræði í Bandaríkjunum. **Ferill:** Hagfræðingur í Seðlabankanum, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, alþingismaður síðan 1987, fjármálaráðherra 1998-2005, utánríkisráðherra 2005-2006, forsætisráðherra frá 2006. Varaformaður Sjálfstæðisflokksins 1999-2005 og formaður frá 2005. 1. þingmaður Reykjavíkurborgar kjördæmis suður.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Menntamálaráðherra Fædd í Reykjavík 4. október 1965. **Menntun:** Lögfræðingur frá HÍ. **Ferill:** Yfirmaður hjá Ríkisútvarpinu. Alþingismaður frá 1999. Menntamálaráðherra frá 2003. Varaformaður Sjálfstæðisflokksins frá 2005. 1. þingmaður Suðvesturkjördæmis.

Björn Bjarnason

Dómsmálaráðherra Fæddur í Reykjavík 14. nóvember 1944. **Menntun:** Lögfræðingur frá HÍ. **Ferill:** Útgáfustjóri AB, starfsmaður forsætisráðuneytisins, blaðamaður, aðstoðarritstjóri Morgunblaðsins. Alþingismaður frá 1991. Borgarfulltrúi í Reykjavík 2002-2006. Menntamálaráðherra

1995-2002 og dóms- og kirkjumálaráðherra frá 2003. 6. þingmaður Reykjavíkurborgar kjördæmis suður.

Einar K. Guðfinnsson

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Fæddur í Bolungarvík 2. desember 1955. **Menntun:** Próf í stjórnmálafræði frá Englandi. **Ferill:** Blaðamaður, útgerðarstjóri í Bolungarvík. Alþingismaður frá 1991. Sjávarútvegsráðherra frá 2005. 5. þingmaður Norðvesturkjördæmis.

Árni M. Mathiesen

Fjármálaráðherra Fæddur í Hafnarfirði 2. október 1958. **Menntun:** Dýralæknir. **Ferill:** Dýralæknir, framkvæmdastjóri Faxalax. Alþingismaður frá 1991. Sjávarútvegsráðherra 1999-2005, fjármálaráðherra frá 2005. 1. þingmaður Suðurborgar kjördæmis.

Guðlaugur Þór Þórðarson

Heilbrigðisráðherra Fæddur í Reykjavík 19. desember 1967. **Menntun:** Stjórnmálafræði við HÍ. **Ferill:** Sölu- og markaðingur hjá Vátryggingafélagi Íslands, forstöðumaður í Búnaðarbanka Íslands. Borgarfulltrúi í Reykjavík 1998-2006. Alþingismaður frá 2003. 1. þingmaður Reykjavíkurborgar kjördæmis norður.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Utánríkisráðherra Fædd í Reykjavík 31. desember 1954. **Menntun:** Sagnfræði við HÍ. **Ferill:** Bládamennska og ritstjórn. Borgarstjóri Reykjavíkur 1994-2003. Borgarfulltrúi í Reykjavík 1982-1988 og aftur 1994-2006. Alþingismaður 1991-1994 og aftur frá 2005. Varaformaður Samfylkingarinnar 2003-2005 og formaður síðan 2005. 2. þingmaður Reykjavíkurborgar kjördæmis suður.

Össur Skarphéðinsson

Iðnaðarráðherra Fæddur í Reykjavík 19. júní 1953. **Menntun:** Líffræði frá HÍ og doktorspróf í lífeðlisfræði frá Englandi. **Ferill:** Ritstjóri Þjóðviljans, lektor við HÍ, aðstoðarforstjóri Reykviskrar endurtryggingar. Alþingismaður frá 1991. Umhverfisráðherra 1993-1995. Formaður Samfylkingarinnar 2000-2005. 2. þingmaður Reykjavíkurborgar kjördæmis norður.

Jóhanna Sigurðardóttir

Velferðarráðherra Fædd í Reykjavík 4. október 1942. **Menntun:** Verslunarpróf frá VÍ. **Ferill:** Flugfreyja, stjórnarmaður í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur. Alþingismaður frá 1978. Félagsmálaráðherra 1987-1994.

Formaður Þjóðvaka 1995-1999. 5. þingmaður Reykjavíkurborgar kjördæmis norður.

Þórunn Sveinbjarnardóttir

Umhverfisráðherra Fædd í Reykjavík 22. nóvember 1965. **Menntun:** Stjórnmálafræðingur frá HÍ og Bandaríkjunum. **Ferill:** Framkvæmdastýra Kvinnalistsins. Starfsmaður Rauða krossins. Blaðamaður á Morgunblaðinu. Alþingismaður frá 1999. 8. þingmaður Suðvesturkjördæmis.

Björgvin G. Sigurðsson

Viðskiptaráðherra Fæddur í Reykjavík 30. október 1970. **Menntun:** Próf í sögu og heimspeki frá HÍ. **Ferill:** Blaðamaður á Vikublaðinu, ritstjóri Stúdentablaðsins, framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar. Alþingismaður frá 2003. 2. þingmaður Suðurborgar kjördæmis.

Kristján L. Möller

Samgönguráðherra Fæddur á Siglufirði 26. júní 1953. **Menntun:** Kennarpróf frá Íþróttakennaraskóla Íslands. **Ferill:** Kaupmaður á Siglufirði. Bæjarfulltrúi á Siglufirði 1986-1998. Alþingismaður frá 1999. 3. þingmaður Norðausturkjördæmis.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Lagadeild

Laganám í Háskóla Íslands: Reynsla, metnaður og gæði

Umsóknarfrestur er til 5. júní. www.lagadeild.hi.is.
Skrásetningargjald allt skólaárið aðeins kr. 45.000.-

Sigurður P. Ragnarsson, veðurfræðingur

VEÐURSPÁ

um hádegi >>

um hádegi >>

Kaupmannahöfn	14°C hálfskýjað	London	22°C hálfskýjað	Alicante	24°C skúrir
Billund	15°C léttaskýjað	Paris	25°C heiðskirt	Mallorca	26°C skúrir
Osló	16°C hálfskýjað	Frankfurt	25°C skúrir	Basel	26°C skúrir
Stokkhólmur	18°C hálfskýjað	Friedrichshafen	22°C skúrir	Eindhoven	22°C hálfskýjað
Gautaborg	12°C hálfskýjað	Berlín	22°C hálfskýjað	Las Palmas	20°C skúrir

*Vindhraði er í metrum á sekúndu.

» á morgun

5-15 m/s hvassast vestan til.

» föstudagur

5-10 m/s



Þitt stærsta lán er frelsi!

Íbúðalán SPRON í íslenskri og erlendri mynt einkennast af frelsi í nútíð og framtíð.

Valfrelsið er mikið þegar kemur að samsetningu lánanna og eru þau án þvingandi skilyrða um bankaviðskipti til allt að 40 ára eins og tíðkast annars staðar.

Veldu frelsi

– fáðu ráðgjöf hjá viðskiptastjórum SPRON

FRELSIÐ ER ÞITT:

Íbúðalán – allt í íslenskri mynt

- Þú getur valið á milli þess að hafa allt lánið hjá SPRON eða að taka samsett lán hjá Íbúðalánasjóði og SPRON.

Íbúðalán – allt í erlendri mynt

- Þú getur valið á milli myntkörfu SPRON og eigin samsetningar á myntkörfu.

Samsett íbúðalán – erlend og íslensk mynt

- Þú getur valið á milli myntkörfu SPRON og eigin samsetningar á myntkörfu.
- Þú getur valið hvert hlutfallið er milli íslenskrar og erlendra myntar.

75 ára



KJÖRKASSINN



Hefurðu brotið lög?

Já	70%
Nei	30%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er ráðherrafl í nýrri ríkisstjórn þér að skapi?

Segðu skoðun þína á visir.is.



Samkeppniseftirlitið ógildir samruna Frumherja og Aðalskoðunar:

Hindraði virka samkeppni

VDSKIPTI Samkeppniseftirlitið hefur ógilt samruna Frumherja og Aðalskoðunar. Í úrskurði kemur fram að samruninn hindri virka samkeppni á þeim mörkuðum sem fyrirtækin starfa á, þar sem hann leiði til yfirburðastöðu beggja félaganna.

Málið hófst þegar Frumherji keypti allt hlutfé Aðalskoðunar í janúar síðastliðnum. Aðstandendur félaganna beggja töldu að ekki væri um eiginlegan samruna að ræða heldur kaup á hlutfé án þess að félögin væru sameinuð. Samkeppniseftirlitið samþykkti ekki þessar forsendur og hafnaði samrunanum.

„Þetta eru vissulega ákveðin vonbrigði,“ segir Orri Vignir Hlööversson, framkvæmdastjóri Frumherja. „Ég er ekki enn búinn að lesa allan úrskurðinn, en það sem ég hef náð að skoða er afgerandi: Þeim forsendum sem við lögðum upp með er hafnað, og samruninn því ógiltur.“

Hann segir ekki búíð að ákveða hvert næsta skref verður. „Það er til staðar áfrýjunarnefnd samkeppnismála sem við höfum rétt á að vísa þessu máli til. Við gefum okkur næstu daga í að taka ákvörðun um hvað gerist næst, í samráði við lögfræðinga.“

- sps



MEÐ BÍLINN Í SKOÐUN Framkvæmdastjóri Frumherja segir úrskurðinn vonbrigði, en útilokar ekki áfrýjun.

Aðalmeðferð í eiturefnamáli: Neita ábyrgð á eiturefnaslysi

DÓMSMÁL Aðalmeðferð hófst í gær fyrir Héraðsdómi Austurlands í máli gegn tveimur starfsmönnum Olís sem ákærðir eru fyrir að bera ábyrgð á eiturefnaslysinu sem varð í sundlaug Eskifjarðar í fyrra. Báðir neita sök og segja að Olís hafi litla áherslu lagt á að þeir kynntu sér öryggisleiðbeiningar um meðferð hættulegra efna.

Annar maðurinn er rúmlega fertugur og hinn átján ára. Slysið varð þegar sá eldri afgreiddi tank fullan af ediksýru í hendur þeim yngri. Sá dældi sýrunni á klórtank laugarinnar, sem í átti að fara klórlausn en ekki ediksýra, og þá myndaðist eittrað klörgas.

- sh

BOÐEIND.IS

Boðeind í 20 ár - Þar sem verð og gæði fara saman

Mikið úrval fartölva - Fartölvur fyrir heimilið, skólann, vinnuna, tölvuleikina

Asus fartölvur með innbyggðum leikjaskjortum t.d. Geforce 7700 512MB DDR3

Innbyggð vefmyndavél taska og mús fylgir frítt með öllum fartölvum frá Boðeind

Verð frá kr 74.900,- stgr.

Hágæða 19" - 22" LCD skjáir á frábæru verði Endurnýjunartími 2 ms

Verð frá kr. 22.900,-

Frábær borðtölvutilboð Heimilis-, leikja-, -klippi-, fyrirtækjatölvur o.fl o.fl

Verð frá kr. 69.900,-

Framúrskarandi LCD sjónvörp frá hinu virta skjáfyritækni ViewSonic

ViewSonic 32" LCD TV Almennt verð kr. 154.900,- Staðgreiðsluverð kr 109.900,-

ViewSonic 37" LCD TV Almennt verð kr. 214.900,- Staðgreiðsluverð kr. 144.900,-

ViewSonic 40" LCD TV Almennt verð kr. 264.900,- Staðgreiðsluverð kr. 174.900,-

Staðgreiðslulán fáanleg til allt að 36 mánaða

Boðeind býður upp á viðurkennda verkstæðis- og fyrirtækjapjónustu

Mörkin 6 - 108 Rvk. - Sími: 588 2061 sala@bodeind.is - thjonusta@bodeind.is



ANDREI LUGOVOI, til vinstri, verður ákærður fyrir morðið á Alexander Litvinenko, til hægri.

Morðið á Litvinenko

Breska saksóknaraembættið hyggst ákæra Andrei Lugovoi fyrir morðið á Alexander Litvinenko, sem lést í London í nóvember af völdum pólonetrunar.

HELSTU ATBURÐIR

25. OKTÓBER 2006 Flogið með pólon 210 frá Moskvu til London.

1. NÓV Litvinenko hittir Mario Scaramella, ítalskan öryggisráðgjafa, á japönskum veitingastað í London. Síðar um daginn hittir Litvinenko fyrirverandi KGB-menn, þar á meðal Andrei Lugovoi, á hóteli í London. Geislavirkni finnst á báðum stöðum.

3. NÓV Litvinenko lagður á sjúkrahús eftir tveggja daga uppköst og niðurgang. Hann segir Pútín Rússlandsforseta standa á bak við morðilræðið.

23. NÓV Litvinenko deyr. Vísindamenn staðfesta síðar að orsökkin sé pólonetrún.

29. NÓV Breska flugfélagi British Airways segir geislavirkni hafa fundist í nokkrum flugvélum.



30. NÓV Rannsókn á láti Litvinenkos hefst í London.

22. MAÍ 2007 Bresk stjórnvöld segjast hafa nægar sannanir til að ákæra Lugovoi fyrir morðið á Litvinenko.

Bretar vilja að Rússar framselji Lugovoi

Bretar segjast hafa nægar sannanir fyrir því að Andrei Lugovoi sé sekur um morðið á Alexander Litvinenko, sem eittrað var fyrir í London á síðasta ári. Málið torveldar enn frekar pólitísk samskipti milli Rússa og Breta.

BRETLAND. AP Bresk stjórnvöld vilja að Andrei Lugovoi, fyrirverandi njósnari sovésku leynipjónustunnar, KGB, verði framseldur frá Rússlandi. Hann verður ákærður í Bretlandi fyrir morðið á Alexander Litvinenko, sem einnig var fyrirverandi njósnari hjá KGB.

Rússnesk stjórnvöld segjast ekki geta framselt hann til Bretlands en bjóðast til þess að halda réttarhöld yfir honum í Rússlandi. „Samkvæmt 61. grein rússnesku stjórnarskrárinnar er ekki hægt að framselja rússneskan ríkisborgara til annars ríkis,“ sagði Marina Gridneva hjá skrifstofu aðalsaksóknara Rússlands.

Talsmaður Tonys Blair forsætisráðherra fullyrðir hins vegar að Rússland og Bretland hafi gert með sér gagnkvæman samning um framsal brotamanna. „Morð er

morð. Þetta er mjög alvarlegt mál,“ sagði talsmaðurinn, sem vildi þó ekki láta nafns síns getið.

Einn af helstu aðstoðarmönnum Margaret Beckett utanríkisráðherra kallaði rússneska sendiherrann í Bretlandi á sinn fund í gær og hvatti Rússa til að sýna Bretum samvinnu í málinu. Lugovoi hefur hvað eftir annað neitað allri aðild að morðinu á Litvinenko, sem lést 23. nóvember síðastliðinn eftir að hafa orðið fyrir eitrun af geislavirka efninu pólon-210.

Lugovoi hitti Litvinenko á hóteli í London fáeinum klukkustundum áður að hann veiktist. Breska saksóknaraembættið telur sig nú hafa nægar sannanir fyrir því að það hafi verið Lugovoi sem eittraði fyrir Litvinenko með hinu geislavirka efni pólon-210.

Skömmu fyrir dauða sinn sakaði Litvinenko Vladimir Pútín Rússlandsforseta um að hafa staðið að baki morðilræðinu. Rússneska stjórnin hefur ítrekað neitað þeim ásökunum.

Marina, ekkja Litvinenkos, sagðist ánægð með starf bresku lögreglunnar, sem nú hafi skilað þessum árangri að Lugovoi verði ákærður.

Litvinenko-málið hefur orðið til þess að samskipti rússneskra og breskra stjórnvalda hafa versnað mjög síðustu mánuðina. Framsal skrafan bætir þar síst úr.

Rússnesk stjórnvöld eru einnig reið Bretum fyrir að hafa veitt rússneska auðkýfingnum Boris Berezovsky hæli og að neita að framselja hann til Rússlands. Litvinenko var um tíma lífvörður Berezovskys. gudsteinn@frettabladid.is

Halim Al, fyrirverandi eiginmaður Sophiu Hansen, í viðtali við Mannlíf:

Íhugar lögsókn vegna barnsmeðlaga

FORRÆÐI Halim Al, fyrirverandi eiginmaður Sophiu Hansen, segist íhuga að stefna Sophiu til að endurgreiða barnsmeðlög sem




REYNIR TRAUSTASON

rikið greiddi henni í mörg ár. Íslenska ríkið hefur kafið Halim um milljónir vegna þessara greiðslna. Í viðtali við Mannlíf segist hann ekki sjá eftir því að hafa numið dætur sínar, Dagbjörtu og Rúnu, á brott 1991. Hugsanlega hafi hann beitt Sophiu ranglæti en tilgangurinn helgi meðali. „Hafi

ég gert rangt þá er það einungis vegna dætra minna og mér tókst að bjarga þeim úr aðstæðum sem hefðu skaðað þær,“ segir hann í viðtali við Reyni Traustason, ritstjóra Mannlífs.

„Mér fannst forvitnilegt að heyra hans hlið á málinu,“ segir Reynir. „Það er búíð að fjalla um þetta mál á Íslandi síðan 1991, en það hefur aldrei verið talað við hann nema í hálfkæringi eða með skæfingi.



FORSÍDA MANNLÍFS Halim, sem er íslenskur ríkisborgari, segist ekki sjá eftir að hafa numið dætur sínar á brott.

Ég ákvað að tala við hann og heyra fordómalaust hans hlið á málinu.“

Reynir segir Halim hafa komið sér á óvart, hann komi fyrir sjónir sem þryðilegur maður sem lifir í sínum trúarheimi. „Ég virði skoðanir hans þó ég sé ekki endilega sammála þeim. Hann hefur gerst sekur um að brjóta gegn forræðisreglum, eins og hundruð annarra Íslendinga, en hann er ekki glæpamaður.“ - sps

Einstætt á heimsvísu



Í kvöld

Icelandic Sound Company

Tvö af voldugustu hljóðfærum landsins

Hallgrímskirkja, í kvöld 23. maí kl. 20.00 Miðaverð: 2.700

Í tilefni tónleika Icelandic Sound Company í Hallgrímskirkju mun tónlist þeirra bera með sér trúarlegan blæ. Slagverkssafn Gunnars Kristinssonar er viðfrægt og líklega einstætt á heimsvísu. Þegar við bætist Klais-orgel Hallgrímskirkju mætast tvö af voldugustu hljóðfærum Íslands. Því má ljóst vera að hér verður á ferð einstæð og fjölbreytt tónlistarupplifun. Meðlimir hljómsveitarinnar eru auk Gunnars, Ríkhartur H. Friðriksson gítarleikari, Egill Ólafsson söngvari og Kirsten Galm orgelleikari.



Partíland eftir Jón Atla Jónasson

Þjóðleikhúsið, Stóra sviðið laugardaginn 26. maí kl. 20.00
Miðaverð: 3.000

Lýðræðið í landinu og þær öru breytingar sem hafa orðið og eru enn að eiga sér stað í samfélaginu eru viðfangsefni nýs íslensks verks, Partílands, sem frumsýnt verður í Þjóðleikhúsinu á laugardag. Í aðra röndina er verið líka tilraun til að finna leikhúsinu nýjan stað í þessu breytingaferli. Þær endurbætur sem nú er verið að gera á Þjóðleikhúsinu urðu kveikjan að verkinu og er óhætt að segja að hrun og endurbygging komi ríkulega við sögu í verkinu. Partíland er samstarfsverkefni leikfélagsins Gilligogg og Þjóðleikhússins. Leikstjóri er Jón Páll Eyjólfsson. Meðal leikenda eru: Björn Thors, Erlingur Gíslason, Laufey Elíasdóttir, Ólöf Arnalds og fleiri.

Miðasala

Miðasalan fer fram á www.listahatid.is og í síma 552 8588, alla virka daga frá kl. 10 til 16. Miðasala á Partíland fer fram hjá Þjóðleikhúsinu í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is. Miðasala við innganginn í Hallgrímskirkju hefst klukkustund fyrir viðburð.

10.-26. maí
Listahátíð
í Reykjavík 2007
REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL

KAUPPING

ICELANDAIR

SAMSKIP

Radisson

Fréttablaðið og Sorpa hefja samstarf til að auka skil á dagblöðum:

Hvatt til endurvinnslu blaða

ENDURVINNSLA Hvatt er til þess að fólk skili flokkuðum pappír til endurvinnslustöðva í samstarfsverkefni Fréttablaðsins og Sorpu sem hófst í gær. Um fjörutíu prósent dagblaða skila sér til endurvinnslu. Megnið endar í ruslatunnunni með heimilissorpinu.

Á næstu misserum munu birtast áminningar á síðum Fréttablaðsins þar sem lesendur eru hvattir til þess að fara með blaðið í endurvinnslu að lestri loknum. „Máttur auglýsinga er mikill og ef fólk er móttækilegt getur hvatning haft áhrif. Ég held að flestir vilji stuðla að umhverfisvernd,“ segir Ari Edwald, forstjóri 365 miðla.



FRÉTTABLAÐIÐ Í ENDURVINNSLU Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu, og Ari Edwald, forstjóri 365 miðla, handasala samkomulagið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hann segir að með þessu vilji fyrirtækið axla ábyrgð enda ber prentmiðlar ábyrgð á stórum hluta pappírs sem fellur til á heimilum.

Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu, segir að sífellt þurfi að minna fólk á. „Það er til endurvinnslufarvegur fyrir pappírinn og við viljum að sem hæst hlutfall skili sér þangað,“ segir Björn.

Samtök iðnaðarins og Samtök verzlunar og þjónustu hleyptu einnig af stað endurvinnsluáttaki í gær. Verkefnið er unnið í samstarfi við prentfyrirtæki, verslanakeðjur og útgefendur dagblaða og tímarita. Hannað hefur verið merki sem sett verður á prentefni sem borið er í hús en með merkinu er fólk minnt á að skila pappírnum til endurvinnslu.

- þo



TRYGGINGASTOFNUN Ráðstefna markar tímamót í baráttunni gegn bóta- og tryggingasvikum hérlendis. Kallað er eftir auknum heimildum til að berjast gegn svikum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Segja tryggingasvikurum stríð á hendur

Tryggingastofnun mun leggja aukna áherslu á baráttuna gegn bóta- og tryggingasvikum. Ráðherra segir að herða beri viðurlög gegn bótasvikum og misferli heilbrigðisstarfsmanna. Svikafé gæti samsvarað framlögum til samgöngumála.

TRYGGINGAMÁL Karl Steinar Guðnason, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins (TR), segir að alþjóðleg ráðstefna um bóta- og tryggingasvik, sem haldin var í gær á vegum TR, marki upphaf baráttu stofnunarinnar gegn svikum hér á landi. Hann segir enga ástæðu til að halda að tryggingasvik og auðgunarbrot heilbrigðisstarfsmanna séu minni hér en í nágrannalöndum. Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, er þeirrar skoðunar að herða þurfi viðurlög gegn svikum.

Alþjóðleg ráðstefna undir yfirskriftinni Ógnar misnotkun velferðarkerfinu var haldin í gær á vegum TR. Tilgangur ráðstefnunnar var að vekja almenning og stjórnvöld til umhugsunar um þá hættu sem almenningi stafar af bóta- og tryggingasvikum. Í setn-

ingarræðu sinni sagði Karl Steinar að höfuðþema TR væri að koma óorði af velferðarkerfinu með því að skera upp herör gegn svikum. Hann segir stofnunina þurfa „meira afl og strangari lagaheimildir til að ráða við vandann sem svikin eru. Tillögur um þau laga-tæknilegu atriði sem við þurfum til að ráða við vandann eru tilbúnar“, segir Karl Steinar.

Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, flutti ávarp á ráðstefnunni. Hún er þeirrar skoðunar að efla megi viðurlög við bótasvikum og misferli heilbrigðisstarfsmanna. „Viðurlögin eru frekar veik eins og þau eru í dag. Ég tel að þyngja skuli viðurlög en það verður að undirbúa slíkar lagabreytingar vandlega.“

Baldur Guðlaugsson, ráðuneyt-

isstjóri fjármálaráðuneytisins, hélt erindi þar sem hann tók sem dæmi að ef svik hérlendis væru eins umfangsmikil og í mörgum Evrópulöndum, sem hann taldi ekki ólíklegt, þá jafngilti sú upphæð því sem varið er árlega til samgöngumála eða reksturs Háskóla Íslands á hverju ári.

Í erindi Joakim Jarnryd, forstöðumans sænsku tryggingastofnunarinnar, kom fram að raunverulegur árangur hefði fyrst náðst í Svíþjóð þegar eftirlitsmönnum var fjölgað verulega. „Við munum fara fram á sambærilega fjölgun og í Svíþjóð, eða um níu starfsmenn.“

En þetta veltur á skilningi stjórnvalda auk þess sem hugarfarsbreyting verður að eiga sér stað hjá almenningi,“ segir Karl Steinar.

svavar@frettabladid.is

Logafold 90
112 Reykjavík
Opíð hús 18:00 - 19:00

Verð: 52.900.000

Stærð: 217
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 1984
Brunabótamat: 30.150.000
Bílskúr: 33

Fallegt og hlýlegt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr á góðum stað í Faldahverfinu. Stærð lóðar er 699 fm. Neðri hæð 105,8 fm: Forstofa m. skáp. Þvottahús og geymsla með útgengi út í garð. Gestasalmi. Stórt svefnherbergi, eldhús, stota og borðstofa með útgengi út í suður garð. Efri hæð: 78 fm. Fjögur svefnherbergi, baðherbergi með baðkari og sturtu. Úr hjónherbergi er útgengi út á suður svalir. Garður er hannaður að Stanislas Bohic og er virkilega fallegur og skjólsæll.

RE/MAX
BÚÍ

Sigurður Guðmundsson hdl.
lögg. fasteignasali

Lóa Sölufulltrúi
698 8733
loa@remax.is

De Dietrich



FULLKOMINN GLÆSILEIKI!

Quarus í sérflokki

GLÆSILEG **ESPRESSO KAFFIVÉL** 

INNBYGGÐ KVÖRN
2.5 LÍTRA VATNSTANKUR
1 EÐA 2 BOLLAR Í EINU
HRÖÐ, MEÐAL, HÆG STILLING Á KAFFIBRUGGUN
RAFEINDASTÝRING
ÖFLUG VÉL FYRIR KAFFIUNNENDUR

**SPANSUÐU- OG
HALOGENHELLUBORÐ
Í ÚRVALI**



EINN FULLKOMNASTI OFNINN Á MARKAÐINUM 

MEÐ ICS (INTELLIGENT COOKING SYSTEM)
ALSJÁLFVIRKT MATREIÐSLUKERFI
HRAÐHITUN Á OFNI, BIOGRILL, HALOGENLJÓS Í OFNI
ALSJÁLFVIRK LYKTEYÐANDI LOFTHREINSUN
PYROLYSE HREINSIKERFI MEÐ RAFEINDASKYNNJURUM
ÞETTA ER OFNINN FYRIR MATGÆÐINGA



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Símar: 520 7901 & 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Áfelling stjórnvöld en ekki eigendur Kambs

Skipstjóri hjá Kambi segist ekki áfella eigendur Kambs fyrir að hætta útgerð sinni á Flateyri. Honum hugnast ekki hugmynd bæjarstjóra um svokallaða Þingeyrarleið. Þingmenn kjördæmisins kallaðir á fund vegna málsins.

ATVINNUMÁL Jón Magnússon, skipstjóri á bátum Friðfinni ÍS 105, sem er í eigu Kambs á Flateyri, segist ekki áfella eigendur Kambs fyrir að hætta útgerðinni. „Ef þú átt milljón í banka, og hún er að étast upp, tekurðu hana ekki út?“ spyr Jón. Hann segist halda að flestir þeirra 120 starfsmanna sem missa vinnuna þegar Kambur hættir útgerð séu á sama máli, og kenni stjórnvöldum um ástandið.

Jón vill að stjórnvöld grípi inn í sem allra fyrst. „Ég vil að stjórnvöld hjálpi okkur, sem viljum vinna við sjómennsku og annað, að komast yfir kvóta með því að hjálpa okkur að ná í lánsfé, eða komi inn með tímabundinn byggðakvóta. Ef ég sæi fram á það að ég gæti fengið fyrirgreiðslu til að kaupa bát og skapa bæði mér og fleiri mönnum atvinnu þá mundi ég gera það.“ Jón segir að honum hugnast ekki svokölluð Þingeyrarleið, sem Halldór Halldórsson, bæjarstjóri í Ísafjarðarbæ, hefur bent á að hafi gefist vel þar, en í henni felst að bær fær úhlutað byggðakvóta gegn því að einhver komi þangað, tvöfaldi kvótann hið minnsta og vinni hann þar. „Hvað gerist síðan þegar úthlutunartíma byggðakvótans lýkur?“ spyr Jón. „Af hverju ekki bara að leyfa heimamönnum að kaupa þessa báta? Ég held að það myndi skila sér miklu betur til samfélagsins.“

Jón segist ekki hafa heyrt af neinum Flateyringum sem séu þegar farnir að hugsa sér til hreyfings. „En menn hugsa auðvitað mikið. Það er auðvitað sárt fyrir fólk sem átti eitthvað fyrir nokkrum vikum að eiga allt í einu ekki neitt. Ég er sjálfur nýbúinn að henda nokkrum milljónum í að kaupa mér hús sem ég get sennilega ekki selt.“

Tíðindin af Flateyri hafa orðið tilefni til fundarhalda víða. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur sett af stað þrjúætta aðgerðaáætlun sem miðar að því að reyna að koma ástandinu í bænum í samt lag og félag Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs í Ísafjarðarbæ sendi frá sér ályktun í gær þar sem hvatt er til aðgerða af hálfu stjórnsvalda.



FLATEYRI Ástandið hefur vakið mikil viðbrögð og komu meðal annars samgönguráðherra og félagsmálaráðherra saman í gær til að ræða stöðu mála.

FRÉTTABLAÐIÐ / HEIÐA

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra og Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra, sem báðir eru þingmenn Norðvesturkjördæmis, hittust á fundi í félagsmálaráðuneytinu í gær þar sem meðal annars var farið yfir stöðuna á Flateyri og fundur með öllum þingmönnum kjördæmisins um málið var undirbúinn. Þá stendur nú yfir á Siglufirði vorfundur framkvæmdastjórnar Starfsgreinasambandsins, þar sem opin umræða verður um ástandið á Flateyri.

stigur@frettabladid.is

ÁRSFUNDUR 2007

Ársfundur Sameinaða lífeyrissjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 24. maí 2007, kl. 16.00, á Nordica hotel, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

DAGSKRÁ

1. Fundarsetning
2. Skýrsla stjórnar
Ábyrgar fjárfestingar:
Georg Páll Skúlason, stjórnarmaður fjallar um stefnumörkun sjóðsins
3. Erindi Þórðar Friðjónssonar, forstjóra Nordic Exchange á Íslandi um ábyrgar fjárfestingar
Kaffihlé
4. Almenn ársfundarstörf
5. Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum sjóðsins
6. Önnur mál löglega upp borin

Auk kjörinna fulltrúa eiga allir sjóðfélagar og réttahafar séreignarsparnaðar rétt til setu á fundinum.

Þeim sjóðfélögum sem hafa áhuga á að kynna sér tillögur til breytinga á samþykktum eða ársreikning sjóðsins fyrir fundinn er bent á að hægt er að nálgast þær á eftirfarandi hátt:

- Á skrifstofu sjóðsins í Borgartúni 30, Reykjavík
- Fá þær sendar með því að hafa samband í síma 510 5000
- Fletta þeim upp á vefsíðu sjóðsins, www.lifeyrir.is

Reykjavík, 14. maí 2007.
Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins

Borgartún 30 • 105 Reykjavík • S. 510 5000
mottaka@lifeyrir.is • lifeyrir.is



VANTAR ÞIG UNDIRBÚNING FYRIR HÁSKÓLANÁM?



Frumgreinasvið Háskólans í Reykjavík er kjörin leið fyrir fólk með iðmenntun og aðra sem þurfa frekari undirbúning til áframhaldandi náms. Frumgreinasvið er líka vettvangur fyrir þá sem þurfa að bæta við sig námi í stærðfræði og raungreinum til að geta hafið nám í tæknifræði eða verkfræði.

Frumgreinasvið HR er engin ný bóla. Þar byggir starfið á traustum 40 ára grunni og hefur undirbúningurinn reynst mörgum ómetanlegt veganesti til áframhaldandi náms eins og m.a. hefur komið fram í nýlegri rannsókn.

Nemendur á frumgreinasviði eru breiður hópur iðnaðarmanna og annarra með mikla reynslu úr atvinnulífinu.

Opið fyrir umsóknir til 31. maí.
Nánari upplýsingar á www.hr.is



Gerrard Kaka Carragher Andrés* Gattuso

*fyrir okkur hin



Grunnskólar í Reykjavík:

Leita leiða gegn hegðunarvanda

SKÓLAR Reykjavíkurborg ætlar að láta vinna framkvæmdaáætlun gegn hegðunarvanda í grunnskólum Reykjavíkur. Fræðslustjóra borgarinnar hefur verið falið að vinna áætlunina sem verður til þriggja ára.

Menntaráð Reykjavíkur fagnar málinu og minnr á að biðlistar séu langir eftir greiningu á þroskafrávikum og geðröskunum barna. „Þetta skapar þeim börnum mikla vanlíðan, sem leiðir oft til hegðunarvanda. Það er því brýnt að stjórnvöld taki strax á þeim vanda sem þessir biðlistar skapa,“ segir í bókun menntaráðs.

- gar

Óeirðir í kínversku þorpi vegna sekta fyrir barneignir:

Þúsundir bænda mótmæla háum sektum

KÍNA, AP Þúsundir bænda í þorpinu Shabi í suðvesturluta Kína gengu berserksgang á laugardaginn þegar þeir mótmæltu háum sektum á fjölskyldur með fleiri börn en heimilt er.

Guðbjörg Jóhanna Nielsdóttir
Birna Björk Nielsdóttir
Margrét Eyrún Nielsdóttir
og barnabörn.

HENRIK IBSEN (1828-1906)
LÉST PENNAN DAG

„Þúsund orð hafa ekki eins
mikil áhrif og eitt verk.“

Leikskáldið Henrik Ibsen var
maður orða og verka. Hann
skrifaði tuttugu og fimm leikrit
á farsælum ferli sínum.



tímamót

timamot@frettabladid.is

KATHERINE HEPBURN: HUNDRAÐ ÁR FRÁ FÆÐINGU

Goðsögn í lifanda lífi

Katherine Houghton Hepburn (12. maí 1907 - 29. júní 2003) var goðsögn í lifanda lífi. Hún hlaut fern Óskarsverðlaun á ævinni og var mikils metin fyrir framlag sitt til leiklistar bæði í kvikmyndum og á sviði. Hún var þekkt fyrir skarpar gáfur, prúðmennsku og óbilandi sjálfstæði. Hér koma nokkrar staðreyndir úr lífi leikkonunnar sem var glæsileg fram á síðustu stund.

- Hepburn-fjölskyldan þótti mjög frjálsgleg og talaði um alla hluti, allt frá pólitík til kynlífs.

- Faðir Hepburn lagði ríka áherslu á að börnin stunduðu líkamsrækt. Katherine vann meðal annars til verðlauna í skautaförum. Þá stundaði

hún golf og sund fram á átt-
ræðisaldur.

- Hepburn lék í flestum áhættuatriðum sjálf.

- Þegar Katherine var aðeins fjórtán ára kom hún að eldri bróður sínum sem hafði hengt sig.

- Í mörg ár notaði Katherine afmælisdag bróður síns, 8. nóvember, sem sinn eigin. Það var ekki fyrr en í ævisögu hennar sem hinn rétti fæðingardagur kom í ljós.

- Katherine giftist Ludlow Odgden Smith árið 1928. Hjónabandið entist þó ekki lengi og skildu þau árið 1934.

- Fyrsta hlutverk Hepburn á mótí Spencer Tracy var í kvikmyndinni Woman of the Year árið 1942.

- Tracy og Hepburn urðu ástfangin og þar með hófst

PETTA GERÐIST: 23. MAÍ 1934

Bonnie og Clyde skotin

Pennan dag árið 1934 var eitt frægasta glæpapur sögunnar, Bonnie og Clyde, skotið til bana í Louisiana-ríki í Bandaríkjunum.

Clyde Champion Barrow og Bonnie Parker hittust fyrst í Texas í byrjun ársins 1930.

Alríkislögreglan leitaði parsins í rúm tvö ár en það komst undan skothríð lögreglu í nóvember árið 1933. Loks fékk lögreglan fregnir af þarinu þar sem það sótti veislu í Black Lake í Louisiana að kvöldi 21. maí 1934 og átti að vera væntanlegt aftur á dvalarstað sinn við Sailes í sama ríki tveimur dögum síðar.



BONNIE OG CLYDE

Fyrir dögum þann morgun sátu lögreglumenn fyrir Bonnie og Clyde þar sem þau óku hjá. Þau reyndu að flýja þegar lögreglan hóf skothríð að þeim en létust samstundis.



1932 í blómaskreyttum kjól fyrir hlutverk sitt í Christopher Strong árið 1932.

ar um Howard Hughes. Heldur meira er gert úr sambandi hennar við milljónamæringinn sérvitra en efni standa til. Til dæmis fór hún ekki frá Hughes til að vera með Tracy heldur var sambandi þeirra lokið löngu áður en hún hitti Tracy.

- Katherine Hepburn lést 29. júní 2003 af náttúrulegum orsökum, 96 ára gömul.



Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

Guðni A. Ólafsson

Núpalind 2, Kópavogi,

andaðist á Landspítala háskólasjúkrahúsi Fossvogi
miðvikudaginn 16. maí sl. Útförin fer fram í
Kópavogskirkju fimmtudaginn 24. maí kl. 15.00.

Valgerður Á. Blandon

Ingibjörg Unnur Guðnadóttir
Valgerður Selma Guðnadóttir
Þorbjörg Guðnadóttir
Barnabörn og barnabarnabörn.

Ragnar Sigurðsson
Guðbjörn Björgólfsson
Helgi S. Reimarsson



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
vegna andláts og útfarar móður okkar,
tengdamóður og ömmu,

Margrétar Árnadóttur

Nína Hrólfsdóttir
Stefanía Hrólfsdóttir
Margrét Jeanette Cela
Hrólfur Karl Cela
Edda Ívarsdóttir

Stígur Steingrímsson
Ívar Gissurarson



Elskulegur bróðir minn,

Sigurður Tryggvi Arason

fyrirum bréfbær, Sólvangi, áður Öldutúni 4,
Hafnarfirði,

lést laugardaginn 19. maí. Jarðarförin auglýst síðar.

Sigríður Aradóttir.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Jóhanna Ólafsdóttir

Kaplaskjólsvægi 35, Reykjavík,

sem lést 14. maí á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund
verður jarðsönginn frá Neskirkju fimmtudaginn 24. maí
kl. 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim
sem vildu minnast hennar er bent á Hjartavernd.

Sigríður Hjördis Indriðadóttir
Bogi Indriðason
Ólafur Indriðason
Magnús Indriðason
og fjölskyldur.

Þórir Hallgrímsson
Ástríður María Þorsteinsdóttir
Lilja Viggósdóttir



Rúnar Geimundsson



Sigurður Rúnarsson



Elís Rúnarsson



Þorbjörg Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is



Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990



Fallegir legsteinar
á góðu verði



Englasteinar

Helluhrauni 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566

www.englasteinar.is

Allt að 100% lán

ALVEG MILLJÓN!

SÉRSTAKIR SUMARSÖLUDAGAR - FERÐUMST ÓDÝRT INNANLANDS!

RÉTT Í KRINGUM

OPEL ZAFIRA COMFORT 1.8



Nýskráður 10/03 - Beinskiptur - Ekinn 58 þús.
Verð: 1.390.000 **Tilboð: 1.190.000**

NISSAN PATROL ELEGANCE



Nýskráður 11/05 - Sjálfskiptur - Ekinn 18 þús.
Verð: 4.760.000 **Tilboð: 4.380.000**

HYUNDAI TUCSON 2.7 V6



Nýskráður 08/05 - Sjálfskiptur - Ekinn 18 þús.
Verð: 2.880.000 **Tilboð: 2.590.000**

CHEVROLET LACETTI 1.8



Nýskráður 01/06 - Beinskiptur - Ekinn 18 þús.
Verð: 1.580.000 **Tilboð: 1.290.000**

MITSUBISHI PAJERO GLS 32"



Nýskráður 12/05 - Sjálfskiptur - Ekinn 11 þús.
Verð: 5.080.000 **Tilboð: 4.690.000**

Nú eru **sérstakir sumarsöludagar** á notuðum bílum í öllum stærðarflokkum. Glæsilegt úrval af gæðabílum með **risaafslætti** og möguleika á 100% fjármögnun. Komdu við hjá okkur og finndu bíl sem flytur alla fjölskylduna og allt sem henni fylgir á verði sem sést ekki aftur. **Það verður ódýrt að ferðast innanlands í sumar!**

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Mán. kl. 10:00 - 18:00, þrið. - fim. kl. 9:00 - 19:00, fös. kl. 09:00 - 18:00.

SIGURÐUR FLOSASON – JÓEL PÁLSSON QUARTET



SIGURÐUR FLOSASON, alt saxófónn
JÓEL PÁLSSON, tenór saxófónn
VALDIMAR K. SIGURJÓNSS., kontrabassi
EINAR SCHEVING, trommur

DOMO
í kvöld kl. 21:00

ZONÉT

Fyrsti íslenski diskurinn sem tekinn er upp og gefinn út í Kína

STUÐ MILLI STRÍÐA Fölnandi fortíð

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR VILL SJÁ BERRÖSSUÐ UNGABÖRN Í FRAMTÍÐINI



Stundum velti ég því fyrir mér hvort tæknin sé að eyðileggja líf okkar. Ég geri mér grein fyrir því að hún bjargar ansi mörgum líka, en ég er samt ein þeirra sem fæ hroll af tilhugsuninni um gervigreind og genabreytingar. Þegar ég var lítil þóttist ég vera Laura í Húsinu á sléttunni í leikjum frammi í stofu. Það voru hestvagnarnir og hlinsýrópið, sem ég hafði þá ekki gerst svo fræg að smakka, sem heilluðu mig. Aðeins síðar, þegar ég uppgötvaði tilvist Amish-fólksins, ætlaði ég að flytja þangað.

Í dag er ég vissulega þakklát fyrir að sú hugsun dó í fæðingu, en samt þykir mér enn einhver sjarmi yfir liðinni tíð. Meira að segja íslenski liðinni tíð, þó hún hafi líklega einkennst af moldarlykt og raka.

Það er einmitt af því að ég er enn svo heilluð af liðinni tíð sem mér þykir stafræna væðingin svolítið sorgleg. Ég veit fátt skemmtilegra en að fletta gömlum myndaalbúnum og gretta mig og fetta yfir gömlum myndum af mömmu, pabba, ömmu, afa, langömmu og mér sjálfri á gelgjunni.

Ég þekki mjög marga sem eiga stafrænar myndavélar. Ég þekki hins vegar fáa sem hafa fyrir því að prenta umræddar myndir út.

Því eru varla til myndaalbúm yfir síðustu ár, og að sitja við tölvuna er bara ekki það sama.

Ég á lítinn bróður sem verður fjögurra ára í september. Myndin af honum sem ég hef uppi við heima, stafræn, að sjálfsögðu, var tekin þegar hann var tveggja ára gamall. Hún er fölnuð. Farin, horfin, á bak og burt.

Mér þykir alveg óskaplega leiðinlegt til þess að hugsa að leikskólabörn dagsins eigi ekki eftir að fá að njóta þeirra ánægju að fletta gömlum myndaalbúnum, hlæja að múnderingum og roðna af skömm þegar fyrsti kærastinn/kærastan sér myndina af þeim sem ungabörnun, berum í baði. Er ég ein um það?

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“

GRETTIR

VILTU FINNA MILLJÓN?

Lau 26/5 AUKASÝNING
Síðasta sýning

LADDI 6-TUGUR

Þri 29/5 kl. 20 UPPS. Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Fös 1/6 kl. 20 UPPS. Lau 2/6 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 22:30 UPPS. Sun 3/6 kl. 14 UPPS.
Sun 3/6 kl. 20 Mán 4/6 kl. 20 UPPS.
Mið 20/6 kl. 20 Fim 21/6 kl. 20

SÖNGLEIKURINN GRETTIR

Fös 25/5 kl. 20.
Fim 31/5 kl. 20.
Sýningar hefjast að nýju í september

SÖNGLEIKURINN ÁST

Í samstarfi við Vesturport
Fös 25/5 kl. 20 UPPS. Lau 26/5 kl. 20 UPPS.
Fim 31/5 kl. 20 UPPS. Fös 1/6 kl. 20 UPPS.
Sun 3/6 kl. 20 Fim 7/6 kl. 20
Lau 9/6 kl. 20 Fös 15/6 kl. 20

LÍK Í ÓSKILUM

Þri 5/6 kl. 20 FORS.
Fim 7/6 kl. 20 FORS.
Fös 8/6 kl. 20 FORS.
Lau 9/6 kl. 20 FORS.
Miðaverð 1.500

BELGÍSKA KONGÓ

Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Mið 6/6 kl. 20
Sun 10/6 kl. 20
Fim 14/6 kl. 20
Aðeins þessar 4 sýningar

DANSLEIKHÚSSAMKEPPNIN 25 TÍMAR

Fim 7/6 FORS. Miðaverð 1.500
Fös 8/6 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is

BORGARLEIKHÚSIÐ



Miðasalan flytur, sjá neðst!

Stóra sviðið kl. 20:00

LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Fös. 25/5 örfá sæti laus. Síðustu sýningar í vor!

Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti. Námsmannafslættir!

PARTÍLAND - eftir Jón Atla Jónasson. Alþýðuskemmtun með söng, leik og dansi.
Leikfélagið Gilligogg í samstarfi við Þjóðleikhúsið og Listahátið í Reykjavík.
Lau. 26/5.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

HÁLSFESTI HELENU eftir Carole Fréchette.

Fös. 25/5 örfá sæti laus. Síðasta sýning í vor! Umræður eftir sýninguna 25/5 með
Viðari Þorsteinssyni heimspekingi.

ATHUGIÐ AÐ EKKI ER HÆGT AÐ HLEYPJA INN Í SALINN EFTIR AÐ SÝNING ER HAFIN!

Kassinn

HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.

Fim. 24/5 uppselt, fös. 1/6 örfá sæti laus, sun. 3/6 nokkur sæti laus. Síðustu sýningar í vor!

ATHUGIÐ AÐ EKKI ER HÆGT AÐ HLEYPJA INN Í SALINN EFTIR AÐ SÝNING ER HAFIN!

Kúlan

LISTIN AÐ LIFA - Eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur. Athyglisverðasta áhugaleik-
sýning ársins.
Fim. 7/6 örfá sæti laus

Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is
Afgreiðsla miða verður út leikárið á Lindargötu 7 vegna framkvæmda.
Miðar afgreiddir í miðasölu aðalbyggingar kl. 19.00 - 20.00 fyrir sýningar
á Stóra sviðinu!

Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is
Leikhúsbloggjið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!

Einstakir hljóðskúlptúrar og nýr hljóðheimur

Það er engin leið að lýsa því sem tónleikagestir eiga von á í Hallgrímskirkju í kvöld. Þar sameinast kraftar tveggja af völdugustu hljóðfærum landsins, Klaisorgelsins og slagverkssafns Gunnars Kristinssonar, að viðbættum raddböndum Egils Ólafssonar og annarlegum gítartónum.

Tónleikar Icelandic Sound Company eru liður í Listahátíð í Reykjavík en dúóið Gunnar Kristinsson slagverksleikari og Ríkharður H. Friðriksson gítarleikari hefur að þessu sinni fengið til liðs við sig listamanninn Egil Ólafsson og orgelleikarann Kirsten Galm.

Tónlist sveitarinnar, sem starf að hefur um nokkra hríð en aldrei leikið í Reykjavík áður, einkennist af frjálsum spuna en í tilefni staðsetningarinnar verður músíkin formfastari en áður því að á tónleikunum verður lagt út af messuforminu.

Magna hljóðbrigðin

„Þetta er óvenjuleg hljóðfæraskipan, óvenjuleg staðsetning, óvenjuleg músík og óvenjulegur texti,“ útskýrir Egill Ólafsson kíminn. „Ég held að ég geti fullýrt að þessi hljóðfæraskipan sé einsdæmi, og þetta er miklu meira en bara slagverk, gítar, söngur og orgel.“ Sérstaða ISC felst ekki síst í notkun á tölvum og hljóðbreytitækjum sem galdra og magna öll þau hljóðbrigði sem kunnáttumenn geta framkallað úr hljóðfærunum.



NÝR HLJÓÐHEIMUR OG HEIMSPÉKILEGAR VANGAVELTUR UM JARÐNESKT LÍF Ríkharður H. Friðriksson, Kirsten Galm, Egill Ólafsson og Gunnar Kristinsson leika á Listahátíð. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Þannig eru upphaflegir möguleikar hljóðfæranna notaðir til fulls en verða um leið stökkpallur fyrir frekari vinnslu.

Slagverkssafn Gunnars er víðfrægt og líklega einstætt á heimsvísu, því þar er áherslan lögð á gong og tam-tam hljóðfæri sem skipta mörgum tugum. Hann hefur leikið á ásláttarsafn á tónleikum vítt og breitt um Evrópu en síðast heyrðist í því í Reykjavík fyrir aldarfjórðungi og nú hefur það líka stækkað til muna. „Það er heldur ekki rétt og sanngjarnt að tala bara um gítar þegar Ríkharður á í hlut,“ áréttar Egill því víst er að þar er enginn hefðbundinn strengjaslátur á ferð.

Íslendingarnir þrír hafa allir verið viðloðandi músík um árabíl. Gunnar er búsettur í Sviss og þar hefur sveitin haft sitt varnarþing en Gunnar starfar þar jöfnu höndum við tónlist og myndlist. Ríkharður hóf feril sinn í rokkinu en lærði síðar tónsmíðar. Hann kennir einnig tölvutónlist við Listaháskóla Íslands og Tónlistarskóla Kópavogs.

Orgelleikarann fengu þeir félagar úr kantorsstól Universitätskirche í Freiburg í Þýskalandi. Egill og Kirsten Glam komu fram á tónleikum með ISC þar í borg í fyrra og vöktu mikla lukku og fyrir dyrum stendur að sá fyrrnefndi komi á ný fram með þeim á kirkju-listahátíð í haust.

Á veraldlegum nótum

Egill segir að tónlistin sé spuni í grunninn og hópurinn hefur líkt verkefninu við eins konar hljóðskúlptúra. „Við styðjumst við messuformið en erum á veraldlegum nótum í textunum; þeir eru

byggðir upp á svipaðan hátt og hefðbundinn messutexti,“ segir hann og vísar til yfirskrifta messuhlutanna eins og iðrunar, játningar og fyrirgefningar. Egill hefur skrifað út lagböða og samið nýjan texta fyrir þessa tónleika en framlag hinna verður spunakenndara. Textinn felur í sér heimspekilegar vangaveltur um vort jarðneska líf en blandast síðan hljóðmyndum sveitarinnar og stemningu hússins.

Hlustað með opnum huga

Egill segir að þeir verði djarfir við að blanda saman stíltegundum á tónleikunum. „Menn munu heyra tónlist með nýjum formerkjum og alveg tónal-músík í dúr og moll. Eitt sinn var mikill ótti við að blanda þessu of mikið saman en við erum óhræddir við það enda held ég að í seinni tíð sé formið farið að skipta minna máli en útkoman,“ segir hann.

Hallgrímskirkja er verðugur vettvangur fyrir þessa nýsköpun listamannanna. „Þetta er líka alveg makalaust hljóðfæri, þetta orgel,“ segir Egill sannfærandi þegar talið berst að staðsetningunni. „Tónlistin mun síðan bara flæða um Skólavörðuholtið. Ég held að fólk ætti bara að mæta með opnum huga og taka á móti nýjum hljóðheimi – þetta verður vissulega hljóðheimur sem menn heyra ekki á hverjum degi,“ segir Egill að lokum.

Aðeins einir tónleikar eru fyrirhugaðir að þessu sinni og hefjast þeir í Hallgrímskirkju kl. 20 í kvöld. Hægt er að nálgast aðgöngumiða á heimasíðu Listahátíðar en nánari upplýsingar og tónðæmi með sveitinni má finna á heimasíðu hennar www.isc.is.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

20 21 22 23 24 25 26

Miðvikudagur

TÓNLEIKAR

20.00 **Hanna Þóra Guðbrandsdóttir** sópran heldur einsöngstónleika í safnaðarheimilinu **Vinaminni** á Akranesi. Yfirskrift tónleikanna eru **Orðlausir draumar**. Efnið er afar fjölbreytt má þar nefna ljóðasöngva eftir Sigfús Halldórsson og Brahms, vínarljóð eftir Robert Stolz og Rudolf Kattmigg, söngleikjalög eftir Richard Rodgers og Meredith Willson auk aria eftir Mozart og Puccini. Meðleikari á pianó er **Vilhelmina Ólafsdóttir** og gestasöngvari **Þorvaldur Þorvaldsson** bassi. Athugið að ekki er tekið við kortum.

21.00 Hljómsveitirnar **Wulfgang** og **Atómstöðin** spila á tónleikum á **Dillon** við **Laugaveg**. Wulfgang gaf frá sér sína fyrstu breiðskífu og Atómstöðin fagnar útgáfu fyrstu þröngskífunar **Kill us All** og myndbands af væntanlegri plötu sinni sem kemur út innan tíðar. Aðgangur er ókeypis.

SÝNINGAR

10.00 Í Listasafni Reykjavíkur, **Kjarvalsstöðum**, stendur fyrir hönnunarsýningin **Magma/Kvíka**. Um sjöttíu hönnuðir, arkitektar og listamenn taka þátt í sýningunni sem ætlað er að fanga þann sköpunarkraft sem býr í hönnunarlandslaginu hér á landi. Sýningarstjóri er **Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir**

12.00 **Ágúst Bjarnason** sýnir í galleríinu **Art-Iceland** á **Skólavörðustíg 1a**. Art-Iceland er opið frá kl. 12-18 virka daga og 12-16 á laugardögum.

13.00 Nú stendur yfir sýningin **Vordagar** í **Listasafni Reykjanæsbæjar**. Þar sýnir **Hafsteinn Austmann** ný og gömul verk, olíu, akríl og vatnslit. Sýningin er opin alla daga frá 13-17.30 og stendur til 10. júní. Aðgangur að safninu er ókeypis.


14.00 Sýning Nínu **Gautadóttir** **Óður til rauðhærðra kvenna** í myndlist stendur yfir á **Ásvallagötu 59** er opin þriðjuga til sunnudaga milli kl. 14-18.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Þökkum samfylgdina á frábæru leikári

„Allt eins og það á að vera... 200.000 naglbítum hefur gengið vel að finna rokkið í lögnum... Samleikur er lipur, fumlau og oft fyndinn.“ – PT, MBI

„gamanleikur af guðs náð... hitti í mark hjá krökkunum“ – SLG, RÚV



„glæsilega unnið sviðsverk með skínandi beittan brodd... Frábær skemmtun – alvöru hrollur. Flott verk, flottur leikur, flott sýning.“ – PBB, FBI

„LA hefur hitt í mark og eignast fyndna og hæfilega ógrandi sýningu ... Dreppfyndi“ – PT, MBI

„gríðarlega áhrifamikil sýning“ – SLG, RÚV

„enn ein skrautfjöldurinn í hatt LA“ – HMB, akureyri.is

„fjögurra grímna hressandi helviti... frábæra leiksýningu í heimsklassa...“ – JJ, dagur.net

„mjög slípuð sýning... frammistaða leikendanna fjögurra örugg og jöfn“ – JVI, Isafold

„Þráinn Karlsson lék með þvílíkum tilþrifum að ég minnst þess varla að hafa séð hann gera betur. Þráinn var iskrandi viðbjóðslegur frá upphafi til enda“ – JVI, Isafold

„leikurinn var allur stórkostlegur... leiksigur Þráins“ – SLG, RÚV

„Lýsingin afar áhrifarík ... sýningin nánast fullkomin“ – HMB, akureyri.is

„skemmtilega teiknaðar klisjur úr nútímameningu... mæli með Svörtum ketti“ – MK, MBI



„Óvenjuleg og áhrifamikil sýning... sem hefur mikið að segja“ – PT, MBI

„Forvitnileg og manneskjuleg sýning sem skilur mikið eftir sig... með frábærri músík“ – KHH, Fréttablaðið

„Mjög ánægjuleg upplifun... ég mæli eindregið með þessari heillandi sýningu“ – HÁ, RÚV

„Tekst vel að skapa hlýlega og innilega stemningu... tónlistin einfaldlega æðisleg“ – ÞES, RÚV

„Ástúðlegt og lokkandi, hættulegt og spennandi“ – IS, Kistan

„loksins, loksins! ...tímamóta-leikhús“ – HH, Dagur.net

„gullfalleg tónlist Megasar... fer Kjartan um hann höndum hins þjálfada leikhúsmanns; ég get ekki ímyndað mér að nokkur maður hefði getað gert betri sýningu“ – JVI, Isafold

Sala áskriftakorta fyrir nýjan og spennandi leikhúsvetur hefst í ágúst. **Vertu með!**



www.leikfelag.is / 4 600 200

NOTICE TO SHAREHOLDERS

Luxembourg, May 21st, 2007

Dear Shareholder,

The board of directors of KAUPTHING MANAGER SELECTION (the "Fund") has decided to amend the existing Prospectus of the Fund in order to reflect the following changes:

1. Within each compartment, shares may be divided between currency classes in which shares are denominated in a specific currency. Shares in relation to which no currency is specified are denominated in the reference currency of the compartment.

The investments in the currency classes of any compartment will generally be hedged into the reference currency of the relevant compartment. Currency hedging will be made through the use of various techniques including the entering into forward currency contracts, currency options and futures. The relevant currency hedging is intended to reduce a shareholder's exposure to the respective currencies in which the underlying investments are denominated. In this regard, it is anticipated that currency risks will be hedged to a large extent and there is no guarantee that such hedging will be effective. From time to time the investment manager may not fully hedge the currency exposure, if this can be expected to be in the interest of the shareholders. Any costs incurred relating to the above mentioned hedging will be borne by the relevant class of the relevant compartment.

2. As a consequence, the following changes will apply to the compartments KAUPTHING MANAGER SELECTION-Global Equity and KAUPTHING MANAGER SELECTION-BRIC:

- Class A (C) Shares is now named Class A (C)-EUR Shares and are denominated in EUR;
- Class A (D) Shares is now named Class A (D)-EUR Shares and are denominated in EUR;
- A new Class A (C)-ISK denominated in ISK has been created; and
- A new Class A (D)-ISK denominated in ISK has been created.

The above changes shall be reflected in an updated version of the Prospectus, dated May 2007, available free of charge at the registered office of the Fund.

The Board of Directors



KAUPTHING MANAGER SELECTION
Société d'Investissement à Capital Variable
Registered office: 35a, avenue J.F. Kennedy
L-1855 Luxembourg, www.kaupthing.lu
RC Luxembourg B 72.942

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Vill ekki kvænast

Spænski hjartaknúsarinn Enrique Iglesias hefur sagt unnustu sinni, tenniskonunni Önnu Kournikovu, að hann muni aldrei giftast henni. Enn fremur hefur söngvarinn engan áhuga á að eignast börn næstu átta árin hið minnsta.

„Fyrir mér hefur eitthvað bréfnífsi sem staðfestir samband enga þýðingu. Öll sambönd ganga í gegnum sína erfiðu tíma og ég held að hjónaband komi ekki í veg fyrir það. Þvert á móti held ég að hjónaband auki á vandamálin,“ segir Iglesias sem vill þó ekki útiloka neitt í þessum efnum. „Ég þarf ekki á giftingu að halda í augnablikinu og ég held að ég sé ekki reiðubúinn fyrir börn. Ég er nýorðinn 32 ára og vil bíða til fertugs hið minnsta.“



GIFTAST ALDREI Ef Enrique Iglesias fær einhverju að ráða mun Anna Kournikova aldrei bera giftingarhring.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Ekki er vitað hvaða áhrif þessi ummæli hafa á samband Iglesias og Kournikovu en þau hafa verið saman í fimm ár.

Öskra og styðja sína menn

Stórleikur ársins verður háður í kvöld þegar Liverpool og AC Milan mætast í úrslitum Meistaradeildarinnar í Aþenu. Freyr Bjarnason kannaði stemninguna hjá tveimur eldheitum stuðningsmönnum.

Mikill viðbúnaður verður á „heimavelli“ þúllara hér á landi, Players, þar sem herlegheitin hefjast upp úr hádegi. Sýndar verða vel valdar DVD-myndir fram eftir degi og klukkan 16.00 verður efnt til knattþrauta þar sem vegleg verðlaun verða í boði. Engin skipulögð dagskrá er aftur á móti fyrir hendi hjá Milan-aðdáendum, sem eru engu að síður þó nokkrir hér á landi.

Frí eftir hádegi

Formaður Liverpool-klúbbsins, Jón Óli Ólafsson, tekur sér frí úr vinnu eftir hádegi í dag og ætlar að mæta snemma á Players til að taka þátt í dagskránni. Hann býst við hörkuleik, jafnvel enn erfiðari en þegar hann sá Liverpool vinna úrslitaleik liðanna í Istanbul fyrir tveimur árum á ævintýrlegan hátt. „Það er ekkert sætara en að vinna lið aftur,“ segir hann og hlær. „En þetta verður erfitt. Það eina sem maður getur gert er að styðja sitt lið og öskra og gera þetta að minnisstæðum og góðum degi og vona að þetta falli okkar megin.“

Tilfinningalegur rússibani

Jón Óli spáir sínum mönnum vita-skuld sigri, 2-1, og til að tryggja að úrslitin falli réttu megin ætlar hann að klæðast sömu treyju



YOU'LL NEVER WALK ALONE Jón Óli Ólafsson mun kyrra Liverpool-söngva í allan dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



FORZA MILAN! Valtýr Björn ætlar að horfa á leikinn einn heima hjá sér.

og hann var í þegar hann fór til Istanbul. „Það var rosalegt,“ segir hann um ævintýrið. „Ég hef farið

á marga leikina á Anfield en það er varla hægt að lýsa þessu. Þetta var mesti tilfinningalegi rússibani sem ég hef upplifað á ævinni.“

Bilaður heima hjá sér

Útvarpsmaðurinn Valtýr Björn Valtýsson ætlar að horfa á leikinn einn heima hjá sér. „Ég býð engum upp á að vera í kringum mig þegar mitt lið spilar. Það væri einna helst að kærastan mín yrði hjá mér en hún skilur þennan bilaða einstakling fullkomlega,“ segir Valtýr Björn. „Það er sennilega ekki til skilningsríkari manneskja og hún ein getur þolað að vera í kringum mig.“

Valtýr, sem ætlar að klæðast gamalli Franco Baresi-treyju, spáir leiknum 3-1 fyrir sína menn í AC Milan. „Ef þeir spila sama leik og á móti United þá vinna þeir, það er bara svoleiðis. Forza Milan!“



www.101skuggi.is



ARFTAKI CARRIE BRADSHAW? Brooke Shields fer með eitt aðalhlutverka í Lipstick Jungle, en þættirnir hafa verið útnefndir sem arftaki Sex and the City.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Leikur í nýjum SATC

Brooke Shields fer með eitt aðalhlutverka í nýjum þáttum sem heita Lipstick Jungle. Þættirnir eru byggðir á bók eftir Candace Bushnell, sem flestir kannast við sem höfundur Sex and the City. NBC tekur Lipstick Jungle til sýninga í janúar 2008, en aðáendur Sex and the City hafa þegar útnefnt þáttaröðina sem arftaka hennar.

Þættirnir fjalla um þrjár konur í toppstöðum í New York borg: ein þeirra er ritstjóri tískublaðs, önnur er fatahönnuður og sú þriðja framkvæmdastjóri í kvikmyndaiðnaðinum. Shields leikur ritstjórans fer Kim Raver úr 24, og Lindsay Price úr Beverly Hills and Coupling leikur hönnuðinn.

ATVINNULEIKHÚS Í BORGARNESI

MR. SKALLAGRIMSSON - höf. og leikari Benedikt Erlingsson
fö. 25. maí kl. 20 örfá sæti laus, 1. júní kl. 20 uppselt, 2. júní kl. 20 uppselt
9. júní kl. 15 uppselt, 9. júní kl. 20 örfá sæti laus, 15. júní kl. 20, 20. júní kl. 20
29. júní kl. 20, 1. júlí kl. 20
MÝRAMADURINN - höf. og leikari Gísli Einarsson
mán. 28. maí kl. 20 - annar í hvítasunnu
7. júní kl. 20, 8. júní kl. 20 örfá sæti laus
14. júní kl. 20
SVONA ERU MENN - höf. og flytjendur KK og Einar Káráson
lau 26. maí kl. 20 Svona eru menn (KK og Einar) Síðasta sýning
Leikhústilboð í mat:
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsingar www.landnamssetur.is



Kate saknar kynlífsins

Enska leikkonan Kate Beckinsale hefur fengið sig fullsadda af því kynlífssvelti sem hún hefur mátt þola síðustu vikur en eiginmaður hennar, Len Wiseman, hefur varla sést á heimili þeirra skóthjúða vegna mikillar vinnu að undanfögnu. Wiseman er leikstjóri Live Free or Die Hard, nýjstu myndar Bruce Willis, og eyðir öllum sínum

tíma í að klippa og kynna sitt nýjasta verk.

„Hann þarf að bæta mér þetta upp. Ég mun ekki hleypa honum úr rúminu í mánuð,“ segir Beckinsale.

KATE BECKINSALE Líklega þekktust fyrir hlutverk sín í myndunum Pearl Harbour og Aviator.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



FRÉTTIR AF FÓLKI

Johnny Depp naut þess svo að leika sjóræningjann **Jack Sparrow** í Pirates of the Caribbean að hann fór fram á fleiri tölur þegar lokið var við síðustu myndina. „Ég vildi bara ekki horfast í augu endalokin,“ segir Depp.



GULLHÁTÍÐ Á GAUKI Á STÖNG

23. - 27. maí

Mið: Dúndurfréttir
21:00 - 01:00

Fim: Dúndurfréttir
21:00 - 01:00

Margverðlaunaður stór Egils Gull á kr. 390 - öll kvöld.



Velkomin heim!

Hvað er að fréttar?

Fréttir af fólki_

www.visir.is

visir



BÚÐU TIL BOÐSKORTIN Í STÚDENTSVEISLUNA Á KORTAVEF PÓSTSINS

Einfalt – þú ferð á postur.is/kortavefur
Persónulegt – þú skrifar texta og velur mynd
Þægilegt – við prentum kortið, setjum í umslag og sendum til boðsgesta
Yndislegt – hvað lífið getur stundum verið einfalt!
Dúxaðu á Kortavef Póstsins – postur.is/kortavefur

Þjónustuver | sími 580 1200 | postur@postur.is | www.postur.is

Þetta gæti orðið útsýnið þitt!

Nýtt í bíó Mesta ævintýri fyrr og síðar, byrjar við hjara veraldar!

PIRATES of the CARIBBEAN AT WORLDS END LÚXUS

10

16

FRÁBÆR SPENNUMYND MEÐ FLOTTUM LEIKURUM.

PEIR ERU LOKADIR INNI OG MUNA EKKI HVAD GERDIST. PEIR TREYSTA ENGUM OG ÓTTAST ALLA.

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

PIRATES OF THE CARIBBEAN 3	kl. 3-5-7-9-11	B.I. 10 ÁRA	UNKNOWN	kl. 5.50-8-10.10	B.I. 16 ÁRA	FRACTURE	kl. 8-10.10	B.I. 14 ÁRA
PIRATES OF THE C. 3 LÚXUS	kl. 5-9		THE PAINTED VEIL	kl. 5.30-8-10.30		SPIDERMAN 3	kl. 6-9	B.I. 10 ÁRA
FRACTURE	kl. 8-10.30	B.I. 14 ÁRA	IT'S A BOY GIRL THING	kl. 5.50-8-10.10				
IT'S A BOY GIRL THING	kl. 3.45-5.50		SPIDERMAN 3	kl. 6-9	B.I. 10 ÁRA			
SPIDERMAN 3	kl. 5-8-10.50	B.I. 10 ÁRA						

450 kr. í bíó!

MIDASALA Á midi.is

www.laugarasbio.is

Sími 553 2075 LAUGARAS BÍÓ - bara lúxus

Mesta ævintýri fyrr og síðar, byrjar við hjara veraldar!

PIRATES of the CARIBBEAN AT WORLDS END LÚXUS

10

16

FRÁBÆR SPENNUMYND MEÐ FLOTTUM LEIKURUM.

PEIR ERU LOKADIR INNI OG MUNA EKKI HVAD GERDIST. PEIR TREYSTA ENGUM OG ÓTTAST ALLA.

Sýnd kl. 3.15, 6.30 og 10-POWERSYNING B.I. 10

20.000 MANNA Á AÐEINS 8 DÖGUM! FOG, FBI

Óþagnalega fyndin grískrollvíska í anda Shaun of the Dead.

SEVERANCE

Sýnd kl. 8 B.I. 16

SPIDERMAN 3

Sýnd kl. 4, 7 og 10 B.I. 10

kl. 10 B.I. 16 kl. 4 og 6 B.I. 10

MIDASALA ÖPNAR KL. 3.00

www.laugarasbio.is

HÁSKÓLABÍÓ

Stærsta kvikmyndahús landsins

UNKNOWN

JIM CAVIEZEL GREG KINNEAR BRIDGET MOYNAHAN JOE PANTOLIANO BARRY PEPPER JEREMY SISTO PETER STORMARE

PEIR ERU LOKADIR INNI OG MUNA EKKI HVAD GERDIST. PEIR TREYSTA ENGUM OG ÓTTAST ALLA. FRÁBÆR SPENNUMYND MEÐ FLOTTUM LEIKURUM.

16

EF ÞÚ RÝNIR NÓGU DJÚPT SÉRÐU AÐ ALLIR HAFA VEIKAN BLETT.

ANTHONY HOPKINS • BENN HEMM

FRACTURE

14

DAS LEBEN DER ANDEREN / LÍF ANNARRA

ÓSKARAVIRLAUNIN 2007

the lives of others

16

STEVE AUSTIN VINNIE JONES

THE CONDEMNED

16

10

HÁSKÓLABÍÓ

UNKNOWN	kl. 5.50-8-10.10	B.I. 16 ÁRA
FRACTURE	kl. 5.30-8-10.30	B.I. 14 ÁRA
THE CONDEMNED	kl. 8-10.30	B.I. 16 ÁRA
THE LIVES OF OTHERS	kl. 5.30-8-10.30	B.I. 16 ÁRA
SPIDERMAN 3	kl. 5.20	B.I. 7 ÁRA

HAGATORG www.haskolabio.is SÍMI 530 1919

Lay Low boðið á tvær hátíðir

Tónlistarkonunni Lay Low hefur verið boðið að koma fram á hátíðunum Canadian Music Week og South By Southwest sem fara fram í mars á næsta ári. Boðin komu eftir vel heppnaða seinni tónleika hennar á Great Escape-hátíðinni sem var haldin í Brighton um síðustu helgi.

Sjö íslenskar hljómsveitir komu fram á hátíðinni en fimm þeirra voru valdar af tónleikabókunum hátíðarinnar á Iceland Airwaves-hátíðinni í fyrra. Auk Lay

Low tróðu upp hljómsveitirnar Jakobínarína, Amiina, Seabear, Stórsvetit Nix Noltes, Hafdís Huld, og Benni Hemm.

Edna Tlatchet-ero sem vinnur hjá fyrirtækinu Big Dipper Management sem hefur aðstoðað Amiinu og Jakobínarínu sagði þetta hafa verið mjög góða hátíð fyrir báðar sveitirnar. „Það spilti ekki fyrir hversu mikil athygli var á íslensku hljómsveitunum í heild sinni. Ísland var á allra vörum og góð sameiginleg kynning skilaði sér. Það er auðvitað með ólíkindum að 300.000 manna þjóð skili miklu fleiri böndum á eina af virtustu bransahátíð heims heldur en nokkur önnur Evrópuþjóð og við



LAY LOW Tónlistarkonan Lay Low hlaut mjög góðar viðtökur í Brighton.

erum glöð yfir því að vera hluti af þeirri senu," sagði Edna. Jakobínarína hélt tvönnu tónleika og hefur nú verið staðfest að sveitin hitar upp fyrir bresku hljómsveitina Cajun Dance Party á tveggja vikna tónleikaferðalagi um Bretland í júlí næstkomandi.

Fyrir heilsuna

magimix Safapressa

Með Magimix safapressunni má töfra fram girnilega og heilsusamlega drykki með lágmarks fyrirhöfn.

Verð frá kr.: 23.500

GJAFABRÉF

EIRVÍK

-hágaðheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík
Baldursnes 6, Akureyri
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

Aðrir söluáðilar: Kokka, Laugavegi, Egg, Smáratorgi Villeroj & Boch, Kringlunni, Líf og list, Smáralind Maður lífandi, Borgartúni og Hæðarsmára

Nýjung í ræstingum

- þú nærð herra með UniFlex afþurrkunarsettinu

Nú á tilboði!

1.398,-

UniFlex afþurrkunarsett og 2 örtrefjamoppur

Henrietta Holz Jensen
söluáður í útibúi RV í Danmörku

Rekstrarvörur - vinna með þér

Réttarhóli 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

VERSLAÐU MIÐA Á NETINU Á

midí.is

**Mesta ævintýri fyrr og síðar...
...byrjar við hjara veraldar**

“Besta Pirates myndin í röðinni!
Maður einfaldlega gæti ekki búist við meira tilvalinni afþreyingarmynd á sumartíma.”

★★★★
tv - kvikmyndir

**PIRATES OF THE CARIBBEAN
AT WORLD'S END**

VIP SALURINN
ER BARA LÚXUS
Í SAGABOTTI Í SAMBIOIN ALFABAKKA

SAMBIOIN

HÖRKUSPENNANDI MYND BYGGÐ Á SANNSÖGULEGUM ATBURÐUM.

“Besta kvikmynd Fincher til þessa.”
David Ansen, NEWSWEEK

“Mögnuð kvikmynd!”
Leonard Maltin, ENTERTAINMENT TONIGHT

“Án efa besta mynd ársins til þessa.”
Ó.F.

★★★★
VÍV TOPPS.IS
★★★★
PANAMA.IS
★★★★
HJ.MBL

Frá D.Fincher leikstjóra SE7EN & FIGHT CLUB.



SAMBIOIN / ALFABAKKA				SAMBIOIN / KRINGLUNNI				SAMBIOIN / KEFLAVÍK				SAMBIOIN / AKUREYRI			
PIRATES CARRIBEAN 3	kl. 4:30 - 6 - 8 - 10 - 11:30	10	SPIDER MAN 3	kl. 6	10	PIRATES CARRIBEAN 3	kl. 4 - 6:15 - 8 - 10 - 11:10 - 11:30	10	DIGITAL	PIRATES CARRIBEAN 3	kl. 6 - 8 - 10	10	PIRATES / CARRIBEAN 3	kl. 6 - 8 - 10	10
PIRATES 3 VIP	kl. 4:45 - 8 - 11:10		BLADES OF GLORY	kl. 3:40 - 5:50 - 8	12	GOAL 2	kl. 5:50	7					GOAL 2	kl. 6	7
ZODIAC	kl. 8 - 9 - 11:30	16	ROBINSON FJ... M/- ISL TAL	kl. 3:50	L	ROBINSON F... M/- ISL TAL	kl. 4	L	DIGITAL-3D						
THE REAPING	kl. 5:50 - 10:10	16				MR. BEAN'S HOLIDAY	kl. 3:50	L							

FÁÐU BÍÓMIÐANN SENDAN Í
SÍMANN ÞINN MEÐ MMS **midí.is**

Lalla-auglýsing kærð

Mikil umræða hefur farið fram um auglýsingaherferð Öryggismiðstöðvarinnar þar sem Lalli Johns er í aðalhlutverki. Nú hefur Öryrkjabandalagið kært hana til síðanefndar SÍA.



AUGLÝSINGIN UMDEILDA í kærðu Öryrkjabandalagsins kemur fram að auglýsingin ali á ötta í garð Lalla.

„Við teljum okkur hafa verið að vinna innan rammans. Aldrei er markmið að særa blygðunarkennd eða koma illa fram við einn né neinn,“ segir Eiríkur Aðalsteinsson framkvæmdastjóri og eigandi auglýsingastofunnar Himinn og haf.

Öryrkjabandalag Íslands hefur nú kært stofuna vegna auglýsingaherferðar til síðanefndar SÍA (Samband íslenskra auglýsingastofa), sem hún vann fyrir Öryggismiðstöðina: „Hver vaktar þitt heimili.“ Þar er Lalli Johns í aðalhlutverki en í kærinni segir að verið sé að ala á ötta í garð Lalla – hann sé gerður að holdgervingi þess sem fólk ber að varast.

Visað er í frétt Fréttablaðsins þar sem fram kemur að Lalli hafi þegið þrjú hundruð þúsund krónur fyrir fyrirsætustörf sín, og sagt að það sé mikil fjárhæð sem erfiðt sé fyrir hann að hafna. Af hverju Öryrkjabandalagið kærir skýrist af því að margir heimilislausir einstaklingar, svo sem Lalli, séu öryrkjar og því telur bandalagið sér skylt að gæta hagsmuna þeirra.

lögreglu við gerð auglýsinganna auk þess sem auglýsingarnar voru bornar undir systur Lalla.

„Við höfum ekkert heyrt í Lalla en heyrdum í systur hans og hún er enn sama sinnis og áður. Ánægð með auglýsinguna,“ segir Eiríkur. Hann heldur því fram að Himinn og haf, sem og Öryggismiðstöðin, hafi gengið út frá því að auglýsingarnar hefðu forvarngildi. Aðspurður hvort það segi sig ekki sjálft, í ljósi þess hversu mjög auglýsingastofan kannaði hvort auglýsingaherferðin stæðist ekki siðareglur og nyti samþykkis, að þeir hafi mátt vita að auglýsingin hafi verið á mörkunum vill Eiríkur ekki orða það svo.

„En það var aldrei markmið með auglýsingunni að gera Lalla Johns óleik. Auglýsingaherferðin hefur runnið sitt skeið og nú vonum við að þeim látum sem verið hafa um hana fari að linna.“

jakob@frettabladid.is

Undir kærana skrifar Daníel Isebarn Ágústsson hæstaréttarlögmaður og segir þar: „Undirritaður þekkir a.m.k. engin dæmi þess að maður hafi áður tekið þátt í auglýsingu sem sýnir hann sjálfan í neikvæðu ljósi.“

Áður en auglýsingaherferðin fór í loftið gekk Himinn og haf úr skugga um að hún væri réttu megin línunnar, bæði með því að skoða vel siðareglur SÍA, voru í samstarfi við fangelsisfyrirvöld og



EIRÍKUR AÐALSTEINSSON
Aldrei meiningin að særa nokkurn mann eða gera Lalla óleik.



AD SNÚA AFTUR? Endurkoma Spice Girls myndi vekja gríðarlega athygli.

Kryddpiur á leynifundi

Orðrómurinn um að stúlkurnar í Spice Girls ætli að koma saman á ný fékk byr undir báða vængi í gær þegar sást til þeirra Geri Halliwell og Emmu Bunton yfirgefa heimili Richards Stannard í Brighton, en hann var helsti upptökstjóri hljómsveitarinnar þegar hún var sem vinsælust.

Hugsanleg endurkoma Kryddpianna á tónlistarsviðið hefur

lengi verið í umræðunni en stelpurnar hafa ekki sungið saman síðan árið 2001. Fjölmíðlar í Bretlandi segjast hafa heimildir fyrir því að Mel C hafi einnig verið á þessum meinta fundi, en Victoria Beckham mun víst ekki hafa verið boðuð enda upptekin við að undirbúa flutning fjölskyldu sinnar frá Madrid til Los Angeles.

Coca-Cola
býður áhorfendum
frítt á Stuttmyndadaga
Klippid auglýsinguna út og mætið með hana í Tjarnarbíó

Dómnefnd; Ásgrímur Kr. Sverrisson
Ari Gisli Bragason
Lárus Ýmir Óskarsson

60 NÝJAR STUTTMYNDIR FRUMSYNDAR

CAOZ kynnir teiknimyndina THOR

Ragnhildur Steinunn fjallar um kvikmyndaleik

Bútar sýndir úr nýjum væntanlegum íslenskum bíómyndum - ASTROPIA - Stóra Planið

Kynnir Lilja Nótt

Dagskráin hefst kl. 20.00 þann 23. og 24. maí

Miðaverð 500 kr hvort kvöld

nánari upplýsingar á www.stuttmyndadagar.is

gildir fyrir 2

Stuttmynda dagar
2007
í Reykjavík

FALIN ÁSYND
FRUMSÝND 16. MAÍ SYND Í REGNBOGANUM

NAOMI WATTS EDWARD NORTON

THE PAINTED VEIL

2 INDEPENDENT SPIRIT AWARDS TILNEFNINGAR BESTI LEIKARI BESTA HANDRIT
GOLDEN GLOBE VERÐLAUN BESTA TÖNLISTIN
SAMTÖK GAGNFRÆÐIÐA BESTA HANDRIT

★★★★
„Kvikmynd sem snertir mann djúpt.“
-Steven Rea, Philadelphia Inquirer.

★★★★
„Langbesta rómantíska stórmynd ársins.“
-Mick LaSalle, San Francisco Chronicle.

KLIPPID HÉR!

1 Ekkert hlé 2 Minna af auglýsingu 3 Engin truflan

græna ljósið
Ekkert bíó á götum myndum

FRÉTTABLAÐIÐ 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar gegn framvisun þessarar úrklippu.

www.graenajosid.is - Skráðu þig í Bíóklubbinn og þú færð sendan boðsmíðabókna á Miða.is alla frumsýningardaga

> Besti dómariinn

Ólafur Ragnarsson, trésmiður úr Hveragerði, fékk fallelkunn hjá Guðjóni Þórðarsyni en undir þá gagnrýni tekur Fréttablaðið ekki. Ólafur dæmdi leik HK og IA af röggsemi og sanngirni og komst vel frá sínu. Hann var eini dómariinn í umferðinni sem fékk 8 í einkunn.



> Bestu ummælin

„Þetta var sorglegt. Við eigum að halda boltanum betur meðfram jörðinni í stað þess að kyla fram,“ sagði KR-ingurinn Sigmundur Kristjánsson. Orð í tíma töluð og mætti einhver gauka þeim að Teiti Þjálfara sem er haldinn þeim ranghugmyndum að KR sé að skapa mikið í sókninni.

sport
sport@frettabladid.is



2. UMFERÐ ÍSLANDSMÓTS KARLA: FH ENN Á TOPPNUM OG EITT LIÐ STIGALAUST

ÍA eina liðið sem er án stiga

Í lok hveirar umferðar í efstu deild Íslandsmóts karla mun Fréttablaðið gera upp liðna umferð með þeim hætti sem sést nú.

Það er óbreytt staða á toppi Landsbankadeildarinnar eftir aðra umferðina en FH vann fráþæran sigur í Keflavík. FH gefur því toppsætið sem það náði 19. júlí 2004 ekki eftir og fátt sem bendir til að svo verði.

Skagamegn eru aftur á móti eina liðið án stiga og aðvörunarþjöllur klingja þar í hverju horni. Þeir fá rautt spjald í báðum leikjum og svo hafa reynsluboltarnir í liðinu meistar hver á fætur öðrum.

KR-ingar hafa síðan valdið vonbrigðum. Eitt stig í tveimur heimaleikjum er rýr uppskera sem KR-ingar sætta sig illa við. Verri er þó að margra

mati spilamennskan og þá sérstaklega sóknarleikurinn sem er hvorki fugl né fiskur hjá liðinu.

HK og Víkingur halda aftur á móti áfram að blása á hrakspár og hafa fengið næstflest stig allra liða í deildinni fyrir utan FH.



TÖLURNAR TALA

Flest skot: 15, Víkingur & Valur.
Flest skot á mark: 8, Víkingur
Fæst skot: 7, HK & Breiðablik
Besta skotnýting: FH, 20 %
Hæsta meðaleinkunn: Kef., 6,82
Lægsta meðaleinkunn: IA, 5,31
Grófasta liðið: Fylkir, 24 brot
Prúðasta liðið: Víkingur, 6 brot

Fjöldi áhorfenda: 5.531

Það gera 1.106 áhorfendur að meðaltali á leik sem verður að teljast við-undandi. Flestir áhorfendur voru á leik KR og Breiðabliks en alls sáu 1.608 áhorfendur þann leik. Fæstir brugðu sér aftur á móti á leik HK og IA en 699 áhorfendur sá þann leik. HK taldi reyndar aðeins þá áhorfendur sem borguðu sig inn á völinn.



HEPPIN Alicia Wilson, leikmaður KR, var heppin að fá ekki rauða spjaldið á 24. mínútu í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Landsbankadeild kvenna: KR-konur byrja með stæl

FÓTBOLTI KR-konur unnu 4-1 sigur á Blikum á Kópavogsvellinum í lokaleik 1. umferðar Landsbankadeildar kvenna í knattspyrnu í gær. Eftir jafnan fyrri hálfleik tók KR-liðið öll völd á vellinum í seinni hálfleiknum og vann góðan sigur. Edda Garðarsdóttir kom KR á bragðið gegn sínum gömlu félagum þegar hún skoraði beint úr aukspyrnu á 21. mínútu. Fram að því höfðu Blikastúlkur verið hættulegir aðilinn.

Hrefna Huld Jóhannesdóttir kom KR í 2-0 á 49. mínútu þegar hún ýtti boltanum yfir marklínuna eftir að Olga Færseth hafði átt skot í stöngina en Olga lagði síðan upp mark fyrir Katrínu Ómarsdóttur sem kom KR í 3-0 á 51. mínútu. Greta Mjöll Samúelsdóttir minnkaði muninn á 64. mínútu en innan við mínútu seinna kom Olga Færseth KR í 4-1 eftir stórglæsilegan undirbúning Ólínu Viðarsdóttur.

Formið verður betra með hverjum leik

Blikinn Arnar Grétarsson var valinn leikmaður 2. umferðar Landsbankadeildarinnar af Fréttablaðinu. Arnar segir að ánægja ríki með spilamennskuna en stigin þurfi að fara að detta inn hjá Kópavogslíðinu.

FÓTBOLTI Arnar Grétarsson sneri heim úr atvinnumennskunni um mitt síðasta sumar og gekk í raðir síns gamla félags Breiðabliks. Arnar spilaði með AEK í Grikklandi og Lokeren á atvinnumannaférlu sínum, en þessi 35 ára gamli miðjumaður kemur greinilega vel undan vetri. Hann átti fráþæran leik á miðjunni gegn KR um síðustu helgi, þar sem hann stýrði leik Blika með miklum sóma.

„Ég er sáttur með formið mitt, þetta er allt að koma og formið verður betra með hverjum leik. Ég er líka hættur að finna fyrir hinum þrálátu meiðslum sem ég var búinn að finna fyrir heillengi. Fyrir kannski einum og hálfum mánuði þurfti ég nánast súrefnis-kút eftir leikina en nú get ég spilað 90 mínútur án þess að vera að drepast,“ sagði Arnar léttur í dúr við Fréttablaðið í gær. Arnar er fyrirliði liðsins og leiðtogahæfileikar hans og reynsla koma bersýnilega í ljós.

„Ég er auðvitað búinn að spila nokkra leiki á mínum ferli og heilt yfir er liðið nokkuð ungt, það er flott ef þeir ná að hlusta á eitthvað sem ég segi. Ég fæ mikið út úr því að spila ennþá, annars væri maður ekki að þessu. Þetta er aðeins öðruvísi en þegar maður spilaði hérna í gamla daga þegar maður var að reyna að koma sér út í atvinnumennskuna, núna er það



STERKUR Á MIÐJUNNI Arnar var sem kóngur í ríki sínu á miðjunni í leiknum gegn KR. Hér er hann í baráttu við Sigmundur Kristjánsson sem skoraði mark KR í 1-1 jafnteflinu í Vesturbænum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

búið og ég er bara í þessu til að hafa gaman af þessu og það geri ég svo sannarlega,“ sagði Arnar.

„Við erum með fínan mannskap og við höfum verið heppnir með útlendinga. Þeir eru finir leikmenn auk þess sem margir ungir og efnilegir strákarnir hafa verið að koma upp. Hlutirnir þurfa þó auð-

vitað að falla svolítið með okkur. Það er skammt á milli þess að berjast þarna uppi og að vera í tómu basli við botninn,“ sagði Arnar sem óttast eins og margir af FH sé að stinga af í upphafi móts.

„Það yrði skemmtilegra fyrir deildina ef hún er jafnari en ef FH klárar næstu leiki sína og hin

liðin halda áfram að tapa stigum þá gerir það deildina aðeins leiðinlegri, í það minnsta toppbaráttuna. Ég hef ekki trú á að þeir mistúgi sig mjög oft en gæti þó allt eins gerst. Mér finnst liðið þeirra samt sem áður bara sterkari en í fyrria ef eitthvað er,“ sagði Arnar sem telur aðeins tímaspursmál hvenær Blikavélin hrekkur í gang.

„Ef við höldum áfram að spila eins og við höfum verið að spila þá dettur þetta með okkur, það er engin spurning. Við áttum auðvitað átt að fá eitthvað út úr leiknum gegn Fylki og við höfum alveg getað tekið þrjú stig á móti KR. Það sýnir bara hvað það er stutt á milli í þessu, það er mikilvægt að hala inn hverju einasta stigi,“ sagði Arnar en Blikaliðinu hefur verið hrósað fyrir góða knattspyrnu í upphafi móts.

„Alveg frá upphafi höfum við lagt upp með að spila knattspyrnu. Ég er þannig hugsandi að ég hef meiri trú á því að boltinn fái að fljóta á milli leikmanna, og þannig er líka skemmtilegast að spila. Ég veit ekki hvort ég myndi endast í þessu ef þetta væru bara endalausar kúlur og hlau. Við erum með lið sem getur spilað og ég tel okkur hafa sýnt það. Núna þurfum við bara að taka stig í hús,“ sagði glaðbeittur Arnar Grétarsson.

hjaltil@frettabladid.is

Eyjólfur Sverrisson valdi fjóra nýliða í A-landslið karla í knattspyrnu fyrir leiki á móti Liechtenstein og Svíþjóð:

Var búinn að fylgjast lengi með Gunnari

FÓTBOLTI Eyjólfur Sverrisson, landsliðsþjálfari Íslands í knattspyrnu kom mikið á óvart þegar að hann valdi fjóra nýliða í 20 manna landsliðshóp á móti Liechtenstein og Svíþjóð.

Nýliðarnir fjórir eru Ragnar Sigurðsson, Theódór Elmar Bjarnason, Birkir Már Sævarsson og Gunnar Kristjánsson, en val þess síðastnefnda kom líkt og þruma úr heiðskýru lofti enda hefur Gunnar ekki enn leikið leik með íslenska 21 árs landsliðinu og fór frá KR til Víkinga í vetur til að fá að spila meira.

„Gunnar hefur mikla hæfileika, er gríðarlega fljótur, áráðinn og mjög öflugur leikmaður. Ég er búinn að fylgjast lengi með honum,“ segir Eyjólfur um nýja landsliðmanninn sem sjálfur var ekki búinn að heyrja í landsliðsþjálfarnum.

„Þetta kom skemmtilega á óvart en ég bjóst ekki við þessu. Ég er ekkert búinn að heyrja frá Eyjólfri en Magnús Gylfason, þjálfari minn hjá Víkingi, lét mig vita í morgun. Maður er búinn að stefna að þessu síðan að maður var lítil en þetta kom kannski aðeins fyrr en ég bjóst við. Þetta sýnir að maður er að gera eitthvað rétt. Ég fór frá KR yfir í Víking til þess að fá að spila meira og koma mér í landsliðið.



MIKLAR Breytingar Eyjólfur Sverrisson, landsliðsþjálfari Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ég stefndi náttúrulega fyrst á 21 árs landsliðið en það skemmir ekkert fyrir að landsliðið kom á undan,“ sagði Gunnar kátur.

Eyjólfur er farinn að huga að framtíðarlandsliði Íslands enda hafa fjögur tölur í röð gert út um alla möguleika íslenska liðsins

að komast upp úr riðlinum.

„Við vorum ekki líklegir til þess að komast upp úr þessum gríðarlega erfiða riðli. Við ætl-uðum okkur að safna stigum og gera betur en við gerðum síðast. Framtíðin er björt, við eigum mikið af ungun og efnilegum strákum sem við bindum miklar vonir við. Að velja nokkra þeirra núna er einn liðurinn í því að fá þá meira inn í þetta. Það er enginn 21 árs leikur núna á meðan þessir leikir eru og því vildi ég endilega nota tækifærið til þess að skoða þessa stráka. Ef

LANDSLIÐSHÓPURINN

Árni Gautur Arason	Válerenga
Daði Lárusson	FH
Brynjar Björn Gunnarsson	Reading
Arnar Þór Víðarsson	Twente
Eiður Smári Guðjohnsen	Barcelona
Ólafur Örn Bjarnason	Brann
Ívar Ingimarsson	Reading
Kristján Örn Sigurðsson	Brann
Grétar Rafn Steinsson	AZ Alkmaar
Stefán Gíslason	Lyn
Veigar Páll Gunnarsson	Stabæk IF
Hjálmar Jónsson	IFK Göteborg
Hannes Þorsteinn Sigurðsson	Viking
Emil Hallfréðsson	Tottenham
Gunnar Þór Gunnarsson	Hammarby
Matthias Guðmundsson	FH
Birkir Már Sævarsson	Valur
Gunnar Kristjánsson	Víkingur
Ragnar Sigurðsson	Göteborg
Theódór Elmar Bjarnason	Celtic

að menn eru nógu góðir til þess að spila með A-landsliðinu þá er óþarfi fyrir þá að vera að spila með 21 árs liðinu.“

Það vantar marga leikmenn í liðið, Hermann Hreiðarsson og Gunnar Heiðar Þorvaldsson eru meiddir, Eyjólfur reyndi ekki að hafa samband við Heiðar Helguson sem hefur ekki gefið kost á sér vegna persónulegra ástæðna og þá gaf hann Jóhannesi Karli Guðjónssyni óumbeðið frí.

„Við viljum vinna þennan leik á móti Liechtenstein. Við vitum að það verður gríðarlega erfið því þeir eru með öflugt og vaxandi lið og unnu meðal annars Lettland 1-0 á dögunum. Við förum síðan út til Svíþjóðar fullir sjálfstraust og viljum ná eitthvað út úr þeim leik,“ segir Eyjólfur og bætir við, „Ég er ekki bara að hugsa um úrslitin á morgun því ég er að hugsa fram í tímann og við viljum fara að koma þessum ungu og efnilegu mönnum inn í liðið. Við viljum halda góðum kjarna og reynslu og blanda það með ungun og efnilegum leikmönnum. Þannig viljum við búa til öflugt lið sem á einhvern tímann í framtíðinni góða möguleika á að taka þátt í stórmóti,“ sagði Eyjólfur að lokum.

- 66j



Á ÍTALÍU Hörður Axel er að reyna að fá samning á Ítalíu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Ítalski körfuboltinn:

Hörður Axel til reynslu á Ítalíu

KÖRFUBOLTI Hörður Axel Vilhjálmsson, 19 ára bakvörður úr Fjölni, er farinn til reynslu hjá ítalska stórlíðinu Vidivici Bologna, en Hörður dvelur í fimm daga hjá liðinu sem er eitt það virtasta í ítalska körfuboltanum.

Með Bologna leika nú meðal annars Travis Best, fyrrum leikmaður Indiana Pacers í NBA, og Daninn Christian Drejer. Hörður lék á Spáni fyrri hluta tíma-bilsins en kom heim um áramótin og hjálpaði Fjölnismönnum að bjarga sér frá falli úr Iceland Express deild karla.

Bologna er sem stendur á fullu í úrslitakeppninni en liðið endaði í 3. sæti í deildinni, einu sæti ofar en Jón Arnór Stefánsson og félagar í Lottomatica Roma.

- 66j



SUNGID OG DANSAD Á TORGUM APENU Lögreglan beitir öllum ráðum til að hafa hemil á tæplega 100 þúsund stuðningsmönnum sem mættir eru til Apenu. Fjöldamargir eru miðalausir en stemningin ku þegar vera engu lík í borginni. NORDICPHOTOS/GETTY

Liverpool og AC Milan mætast í úrslitaleik Meistaradeildarinnar klukkan 18.45:

Spennan stigmagnast í Apenu

FÓTBOLTI Það ríkir mikil eftirvænting í Apenu þar sem Liverpool og AC Milan leiða saman hesta sína í kvöld. Úrslitaleikurinn fer fram á Ólympíuleikvangnum sem rúmar 72.000 manns en búist er við því að stuðningsmenn Liverpool verði í miklum meirihluta á vellinum.

Það ríkir bæði sjálfstraust og eftirvænting úr herbúðum beggja liða en úrslitaleikurinn frá árinu 2005 er mönnum skiljanlega ofarlega í huga. Þar fór Liverpool með sigur af hólmi eftir vítaspyrnukeppni í einum eftirminnilegasta úrslitaleik síðari ára.

AC Milan er talið ögn sigurstranglegra fyrir leikinn samkvæmt veðbönkum en enginn afskrifar þó Liverpool sem hefur sýnt allar sínar bestu hliðar í Evrópukeppninni á tímabilinu. Margir bíða hvað spennastir yfir baráttunni á milli lykilmannanna tveggja,

Stevens Gerrard fyrirliða Liverpool og Kaka, sem munu væntanlega takast á inni á miðsvæðinu. Reyndar er talið líklegast að Gerrard spili á hægri kantinum í leiknum.

Stjórnarnir tveir eru báðir taktískir snillingar og leikurinn mun ekki síður ráðast af undirbúningi þeirra og hvernig þeir kortleggja andstæðinginn fyrirfram. Á blaðamannafundum í gær sendu þeir báðir skýr skilaboð.

„Við erum hérna af því við höfum verið að gera hlutina rétt og við eigum skilið að vera hér. Ég mun segja mínum mönnum fyrir leikinn að láta þetta tækifæri ekki renna sér úr greipum. Við vitum hvað við þurfum að gera en það er aldrei auðvelt að spila úrslitaleik í Meistaradeildinni. Við berum mikla virðingu fyrir Milan, þetta er frábært lið og býr yfir mikilli reynslu eins

og við sáum í leikjum liðsins gegn Manchester United. Liðið sem skorar á undan verður í góðum málum en lykilatriði er að muna af hverju við erum hér og halda sömu spilamennsku og við höfum gert í Evrópu á tímabilinu,“ sagði Rafael Benítez, stjóri Liverpool.

Byrjunarlið Carlos Ancelotti, stjóra Milan, er vitað um fyrir utan það hvort Filippo Inzaghi eða Alberto Gilardino muni spila með Kaka í fremstu víglínu. „Inzaghi skorar meira en Gilardino stýður miðjumennina betur. Ég er þegar búinn að velja liðið en ekki einu sinni leikmennirnir vita það. Það eiga allir skilið að spila. Við þurfum að laða fram það besta gegn liði sem gefur fá færi á sér. Ég get þó sagt að að liðið er í góðum gír, við höfum undirbúið okkur af kostgæfni og allir eru tilbúnir í slaginn,“ sagði Ancelotti. - hph

ENDURTEKUR SAGAN SIG?

**STÆRSTI LEIKUR ÁRSINS
LIVERPOOL - AC MILAN
MIÐVIKUDAGINN 23. MAÍ**

„ég er alltaf í vinningsliðinu“



ÚRSLITALEIKURINN Í MEISTARADEILD EVRÓPU er alltaf stórvíðburður, en þessi verður örugglega sérstakur. Síðasti úrslitaleikur þessara liða var einhver sá dramátískasti í manna minnum. Enginn vill missa af þessum.



Leikurinn er að sjálfsögðu á **Lengjuni**. Þú getur líka aukið spennuna enn meira og tekið **Sénsinn** og tippað í beinni.

TIPPAÐUTILADVINNA!



2 Tvöfaldur pottur

100

I. vinningur

+ 30



130

MILLJÓNIR

Bónusvinningur
10
milljónir

MILLJÓNIR Á LAUSU!

Potturinn er tvöfaldur og stefnir í 100 milljónir. Ofurpotturinn stefnir í 30 milljónir og bónusvinningurinn í 10 milljónir.

Fáðu þér miða fyrir kl. 16 í dag eða taktu séns á að missa af þessu!

V Í K I N G A
LOTTO

Alltaf á miðvikudögum!

PATRICIA ARQUETTE

Patricia var 18 ára þegar hún birtist fyrst á skjánum en stuttu síðar lék hún í myndinni A Nightmare on Elm Street 3 sem vakti talsverða athygli. Árið 1993 fékk Patricia hlutverk í hinni ofbeldisfullu mynd True Romance og var þar með komin á kortið. Fyrir stuttu hóf Patricia að leika í sinnu fyrstu þáttaröð, Medium, sem sýnd er á Stöð 2 kl. 21.40, en fyrir það hefur hún hlotið fjölda verðlauna.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON ER ÁNÆGÐUR MEÐ LEITINA AÐ STRÁKUNUM

Léttleikinn í fyrirrúmi

Þátturinn Leitin að strákunum er betri en ég átti von á. Miðað við það hve Strákarnir voru orðnir þreyttir undir það síðasta bjóst ég ekki við miklu af þessum nýja þætti en annað hefur komið á daginn.

Einn af stærstu kostunum við þáttinn er að hann tekur sjálfan sig ekki of alvarlega, eins og kannski var við að búast. Þrátt fyrir að notast sé við sömu útsláttarkeppni og í svo mörgum öðrum „raunveruleikabáttum“ er Léttleikinn mun meiri í Leitinni. Eiga þáttarstjórnendurnir Sveppi, Auddi og Pétur Jóhann stærstan þátt í því, enda þáttarstjórnendur úr bransanum. Að fá til sín gesta-dómara og -leikara er jafnframt sterkur leikur og lífgar verulega upp á þáttinn.

Reyndar eru grínatriðin afar misjöfn að gæðum en það skiptir bara ekki öllu máli. Aðalatriðið er að sjá þessa ungu og áhuga-sömu grínara prufa sig áfram og vaxa með hverjum þættinum. Þegar vel tekst til hjá þeim jafnast

grínið algerlega á við það besta sem maður hefur séð hér á landi en getur útkoman reyndar orðið átakanlega léleg og vandræðaleg. Það er samt allt í lagi því þáttakendunum fyrirgefist allt slíkt sökum vankunnáttu sinnar og lítillar reynslu. Þeir geta ekki talað og eru í raun sigurvegarar, sama hvort þeir detta út eður ei, fyrir að opna sjálfa sig svona óreyndir fyrir framan alþjóð.

Vonandi verður meira gert af íslenskum þáttum sem þessum á næstunni því þótt útkoman sé engin snilld er hún tvímælalaust nógu góð til að halda manni límdum við skjáinn.



EKKI MISSA AF



▶ **18.00 AC Milan - Liverpool**
SYN



▶ **19.30 Entertainment Tonight**
SIRKUS



▶ **20.50 Strictly Confidential**
STÖÐ 2



▶ **21.05 Litla-Bretland**
SJÓN-
VARPIÐ



▶ **21.30 America's Next Top Model**
SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

- 17.05 Leiðarljós
- 17.50 Táknmálsfréttir
- 18.00 Disneystundin
- 18.01 Alvöru dreki (10:19)
- 18.23 Sígildar teiknimyndir (35:42)
- 18.30 Suðandi stuð (15:21)
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.20 Ljóta Betty (15:22) Þættirnir hlutu Golden Globe-verðlaun á dögunum sem besta gamansýrpan og America Ferrera fékk verðlaunin sem besta leikkonan.
- ▶ **21.05 Litla-Bretland** (1:6) (Little Britain II) Bresk gamanþáttaröð þar sem grínist- amir Matt Lucas og David Walliams bregða sér í ýmissa kvikinda líki og kynna áhorfend- um Bretland og furður þess. Þættirnir hafa unnið til fjölda verðlauna. e.
- 21.35 Nýgræðingar
- 22.00 Tíufréttir
- 22.25 Formúluvöld
- 22.50 Frosið land Finnisk verðlaunamynd frá 2005. Kennari er rekinn og tekur gremj- una út á syni sínum. Sonurinn kaupir geisla- diskaspilara með fölsuðum peningum og það veldur keðjuverkun sem setur líf margra á annan endann. Leikstjóri er Aku Louhim- ies og meðal leikenda eru Jasper Pääkkö- en, Mikko Leppilampi, Pamela Tola og Pet- teri Summanen. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

- 01.00 Kastljós
- 01.45 Dagskrárlök

BIÓ STÖÐ 2 BIÓ

- 06:00 Dutch
- 08:00 ARMED AND DANGEROUS
- 10:00 A Mighty Wind
- 12:00 Raising Weylon
- 14:00 Dutch
- 16:00 ARMED AND DANGEROUS (e)
- 18:00 A Mighty Wind
- 20:00 Raising Weylon
- 22:00 Shaolin Soccer Stórskemmtileg kvikmynd um liðsmenn fótboltaíðs sem beita afar óvenjulegum aðferðum á vellin- um. Bönnuð börnum.
- 00:00 Special Forces
- 02:00 Point Blank
- 04:00 Shaolin Soccer



- 07.20 Myrkfælnu draugarnir
- 07.35 Stubbarnir
- 08.00 Myrkfælnu draugarnir
- 08.10 Oprah
- 08.55 Í finu formi 2005
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Forboðin feður (54:114)
- 10.15 Numbers (16:24)
- 11.05 Fresh Prince of Bel Air 4
- 11.30 Man's Work (14:15)
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.45 Nágrannar
- 13.10 Í sjöunda himni með Hemma Gunn
- 14.20 Life on Mars (4:8)
- 15.15 Tónlist
- 15.50 Smá skritnir foreldrar
- 16.13 Batman
- 16.38 Pocoyo
- 16.48 Kalli og Lóla
- 17.03 Könnuðurinn Dóra
- 17.28 Bold and the Beautiful
- 17.53 Nágrannar
- 18.18 Ísland í dag og veður
- 18.30 Fréttir
- 18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður
- 19.40 The Simpsons (4:22)
- 20.05 Oprah (Faces Of Autism)

- ▶ **20.50 Strictly Confidential** (6:6) Linda er kynlífsráðgjafi sem tekst á við kyn- lífsvandamál ókunnugra allan daginn en á sjálf við ýmis vandamál að stríða. Bönnu- uð börnum.
- 21.40 Medium (15:22) Allison Dubois er ósköp venjuleg eiginkona og móðir í út- hverfi sem býr yfir harla óvenjulegum, yfir- náttúrulegum hæfileikum sem gera henni kleift að sjá og eiga samskipti við hina fram- liðnu. Bönnuð börnum.
- 23.10 American Idol (40:41) Úrslita- þáttur American Idol. Hver verður næsta söngstjarna Bandaríkjanna? Það kemur í ljós í kvöld og því um að gera að fylgjast vel með.
- 00.00 American Idol (41:41)
- 02.00 Grey's Anatomy (22:25)
- 02.45 Grey's Anatomy (23:25)
- 03.30 Passionada
- 05.15 Fréttir og Ísland í dag
- 06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SIRKUS TV

- 18.00 Insider
- 18.30 Fréttir
- 19.00 Ísland í dag
- ▶ **19.30 Entertainment Tonight**
- 19.55 Daisy Does America (3:8) (e)
- 20.20 American Inventor (9:15) Í Amer- ican Inventor er leitað eftir nýjum uppfinn- ingum sem gætu slegið í gegn. Verðandi uppfinningamenn víðsvegar um Bandarík- in fá nú tækifæri á að kynna uppfinningu sína og nokkrir útvaldir fá pening til að þróa hana. Að lokum mun einn heppinn upp- finningamaður stana uppi sem sigurvegari og fær hann eina milljón dollara í vasann. Þættirnir koma frá höfundum American Idol og sjálfum Simon Cowell.
- 21.10 Supernatural (15:22) Spennu- þættirnir vinsælu Supernatural snúa aftur á skjáinn. Bræðurnir Sam og Dean halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn. Nú leita þeir hefnda. Hörkuspennandi þættir sem hafa slegið í gegn út um allan heim.
- 22.00 Shark (20:22) Nýir bandarísk- ir spennuþættir sem fjalla um stjómulög- fræðinginn harðsvíraða Sebastian Stark sem söðlað hefur um og gerst opinber saksök- nari eftir að hafa getið sér gott orð sem ver- andi fræga fólksins. (20:22) Stark sækir mál á móti fyrum nemenda sínum en málið virðist ekki flókið við fystu sýn.
- 22.50 Las Vegas (6:17) Spennandi bandarísk þáttaröð sem gerist í partíborginni Las Vegas. James Caan er hér í hlutverki Big Ed Deline, yfirmanns öryggismála í stóru spilaviti þar sem allt getur gerst. Í þessari fjórðu þáttaröð heldur Big Ed áfram að sjá til þess að allt fari vel fram í spilavitinu en það er ekki auðvelt í partíborginni Las Vegas.
- 23.35 My Name Is Earl (13:23) (e)
- 00.00 Gene Simmons: Family Jewels (12:13) (e)
- 00.25 Entertainment Tonight (e)
- 00.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

N4 SJÓNVARP NORDURLANDS

18.15 N4 Fréttir og að þeim loknum veð- urfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er end- ursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.

16.45 og 17.45 Átak með Guðrúnu Gísla. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

- 07:15 Beverly Hills 90210 (e)
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Vörutorg
- 09.45 Melrose Place (e)
- 10.30 Leiðin að titlinum (e)
- 14.45 Vörutorg
- 15.45 Innlit / útlit (e)
- 16.45 Beverly Hills 90210
- 17.30 Melrose Place
- 18.15 Rachael Ray
- 19.00 Everybody Loves Raymond (e)
- 19.30 Will & Grace (e)
- 20.00 Leiðin að titlinum Ungfrú Ísland 2007 verður valin á föstudagskvöldið. Dag- ana fyrir keppni fá áhorfendur að kynna stúlkunum betur í sérstökum þáttum sem sýndir verða í beinni útsendingu úr mynd- veri Skjáseins.
- 20.30 On the Lot - NÝTT Ný raunveru- leikasería frá Mark Burnett, manninum á bak við Survivor, The Contender og Rock Star. Nú leitar hann að efnilegum leikstjóra og hefur fengið frægasta leikstjóra allra tíma, Steven Spielberg, í lið með sér.
- ▶ **21.30 America's Next Top Model** (3:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Týra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu.
- 22.30 Jericho (17:22) Bandarísk þáttaröð um íbúa í Bandarískum smábæ sem ein- angrast frá umheiminum eftir að kjamorku- ársárið bandarískar borgir.
- 23.20 Everybody Loves Raymond
- 23.45 Jay Leno
- 00.35 Close to Home (e)
- 01:25 Kidnapped (e)
- 02.15 Beverly Hills 90210 (e)
- 03.00 Melrose Place (e)
- 03.45 Leiðin að titlinum (e)
- 04.15 Vörutorg

SKJÁR SPORT

- 18.00 Ítölsku mörkin (e) Svipmynd- ir úr öllum leikjum síðustu umferðar í ítalska boltanum.
- 19.00 Tímabilið 2006 - 2007 (e) Tíma- bilið 2006 til 2007 í ensku úrvalsdeildinni gert upp í skemmtilegum þætti.
- 20.00 Ítalski boltinn (e)
- 22.00 Prumuskot (e)
- 23.00 Prumuskot (e)
- 00.00 Dagskrárlök

VIÐ HÖFUM SÉÐ FRAMTÍÐINA,
HÚN ER TÓPAS!

TÓPAS TIL FÓLKSINS



Tópas

FRELSISRÁÐIÐ

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL.00.00

Úrslitabáttur American Idol

Á miðnætti í kvöld sýnir Stöð 2 í fyrsta sinn beint frá úrslitabætti American Idol en útsendingin hefst með flutningi keppenda klukkan 23.15. Eftir margra vikna



harða baráttu standa einungis tveir eftir en það eru söngdívana unga Jord-in Sparks og Blake Lewis. Þau eiga sér bæði stóran aðdáendahóp og hafa úrslitin því sjaldan eða aldrei þótt eins tvísýn. Svo tvísýn að meira að segja hinn skoðanaglaði dómarar Simon Cowell hefur aldrei þessu vant neitað að tjá sig um það hvort þeirra hann telur sigurstranglegra. Er hér um byltingu að ræða fyrir hina fjölmörgu íslensku Idol-aðdáendur því úrslitin í American Idol hafa aldrei áður ráðist í beinni útsendingu í íslensku sjónvarpi.

Þið mælum með On The Lot Skjäreinn kl. 0.40

Glæyn raunveruleikasería þar sem Mark Burnett tekur höndum saman við Steven Spielberg en saman ætla þeir að finna næsta snilling Hollywood. 18 efnilegir leikstjórar hefja leikinn og í hverri viku þurfa þeir að sanna hæfni sína á öllum sviðum kvikmyndagerðar. Sigurvegarinn hlýtur rísasamning hjá DreamWorks, fyrirtæki Stevens Spielbergs.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn	16.10 Veðurfregnir
07.05 Morgunvaktin	16.13 Hlaupanótan
09.05 Laufskálinn	17.03 Víðsjá
09.45 Morgunleikfimi	18.00 Kvöldfréttir
10.13 Pipar og salt	18.24 Auglýsingar
11.03 Samfélagið í nærmynd	18.25 Spegillinn
12.00 Fréttayfirlit	18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
12.03 Hádegisútvarp	19.00 Vítinn
12.20 Hádegisfréttir	19.30 Laufskálinn
12.45 Veðurfregnir	20.10 Heima er best
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar	21.00 Út um græna grundu
13.00 Vift og breitt	21.55 Orð kvóldsins
14.03 Útvarpsagan: Lífsjátning	22.15 Dostojevski
14.30 Miðdegistónar	23.05 Fallegast á fóninn
15.03 Sögur af sjó og landi	00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns
16.00 Síðdegisfréttir	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

- 07.55 Meistaradeild Evrópu (Liverpool - Chelsea)
- 09.35 Meistaradeild Evrópu (AC Milan - Man. Utd.)
- 11.15 Meistaradeildin - Gulleik (Juventus - Man. Utd. 21.4 1999)
- 13.05 UEFA Champions League (Liverpool - AC Milan)
- 16.05 Meistaradeild Evrópu (Úrslit: Arsenal-Barcelona) Upptaka frá hinum eftirminnlega úrslitaleik sem fram fór í París.
- 18.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs - Upphitun
- 18.30 Meistaradeild Evrópu (AC Milan - Liverpool)
- 21.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs
- 21.20 Meistaradeildin - Gulleik (AC Milan - Barcelona 1994) Úrslitaleikurinn í Evrópukeppni meistaraliða árið 1994 var háður í Áþenu í Grikklandi.
- 23.05 Meistaradeild Evrópu (AC Milan - Liverpool)
- 01.05 Meistaradeildin með Guðna Bergs

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

- 20.00 Nýjar eignir Nýjustu eignimar á markaðnum sýndar.
- 21.00 Einbýlishús Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
- 22.00 Fjölbýli og hæðir Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
- 23.00 Nýjar eignir e.
- 0.00 SMS eignir Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

DR 1

6.00 Elmers verden 6.15 Brum 6.30 Genbrugsguld 7.00 Grønne glæder 7.30 Smagsdommerne 8.10 En prædikestol efter mål 8.25 OBS 8.30 Græsrodder 9.00 Den 11. time 9.30 Hold masken 10.00 TV Avisen 10.10 Kontant 10.35 Ud i naturen 11.00 Hvad er det værd 11.25 Aftenshowet 12.20 Hokus Krokus 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 TV Avisen med vejret 13.10 Dawson's Creek 14.00 Hjerteflimmer 14.30 Pucca 14.35 Hannah Montana 15.00 Orla 15.30 H.C.Andersens eventyr 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 16.55 Aftenshowet med Vejret 17.30 Mig og min alder 18.00 Søren Ryge - Herregårdskarl på Samsø 18.30 I lære som stjerne 19.00 TV Avisen 19.25 Penge 19.50 SportNyt 20.00 Kriminalkommissær Foyle 21.35 Onsdags Lotto 21.40 OBS 21.45 Iværksætterne 22.15 Colson 4.30 Dyrene fra Lilleskoven 5.00 Rasmus Klump 5.10 Palle Gris på eventyr 5.30 Grotterne 6.00 Elmers verden

NKI

6.30 Jukeboks: Dansefot 7.35 Hvorfor, Ouafa? 8.05 Muntlig spórréttir 9.05 Oddasat - Nyheter på samisk 9.20 Distriktsheter 9.40 Fra Nordland 10.00 Siste nytt 10.05 Distriktsheter 10.20 Fra Møre og Romsdal 10.40 Fra Hordaland og Sogn og Fjordane 11.00 Siste nytt 11.05 Distriktsheter 11.20 Fra Aust- og Vest-Agder 11.40 Fra Buskerud, Telemark og Vestfold 12.00 Siste nytt 12.05 Distriktsheter 12.20 Fra Oslo og Akershus 12.40 Fra Østfold 13.00 Giro d'Italia 14.00 Siste nytt 14.03 Giro d'Italia 15.30 Siste nytt 15.40 Oddasat - Nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Nysgjerrige Nils 16.15 I Mummidalen 16.40 Distriktsheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Forbrukerinspektørene 17.55 Der fartøy flyte kan 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktsheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Sykkelkveld fra Italia 19.40 Vikinglotto 19.45 House 20.30 Migropolis: Trender 21.00 Kveldsnytt 21.15 Lydverket 21.50 Lov og orden: New York 22.30 Når døden spiller med 5.30 Jukeboks: Ut i naturen

SVT 1

7.30 Ramp höjðare 8.00 Poniente 8.25 Sport mit Simone 8.30 The day I got the sack 8.55 Quirks 10.00 Rapport 10.05 En ljusglimt i mörkret 12.20 Monsieur Batignole 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Plus 15.30 Krokodill 16.00 Fifi och blomsterfröna 16.10 Yoko! Jakamoko! Toto! 16.15 En unge till 16.25 Bumsfilibaba igen 16.30 Hjämkontoret 16.45 Zoé Kézako 17.00 Polleke 17.30 Rapport 18.00 Vädrets makter 18.30 Mitt i naturen 19.00 Robins 19.30 Extras 20.00 Rätt upp i 90-talet 21.40 Rapport 21.50 Kulturmyheterna 22.00 I sinnets våld 23.00 Sändningar från SVT24 4.00 Gomorron Sverige

SKÓLABÆRINN AKUREYRI

Upplifðu skólaárin á Akureyri

- Tveir frábærir framhaldsskólar, háskóli á heimsvísu, myndlistarskóli og tónlistarskóli
- Stúdentabúðir og heimavist
- Ókeypis í strætó og engir stöðumælur
- Tíu mínútur á skiði í Hlíðarfjall og örfáar mínútur milli staða innanbæjar
- Glæsileg sundlaug, þrjár stórar líkamsræktarstöðvar, skautahöll og öflug íþróttafélag
- Fjölbreyttir og mjög góðir leik- og grunnskólar
- Kaffihús á hverju strái og úrval veitinga- og skemmtistaða
- Frábært leikhús, bókasöfn, listasafn og fleiri söfn og gallerí
- Tónlistar- og listalíf í Gilinu og víðar

Hjartanlega velkomin í skólabæinn Akureyri
Akureyri - öll lífsins gæði

GEIMSTOFAN

GAMLA MYNDIN



„Guð minn góður, segi ég nú bara. Ég þekki sjálfa mig ekki þarna. Ég var 16 ára og algjör strákur, málaði mig aldrei, gekk í fótum af kærastanum mínum og hlustaði ekki á neitt nema teknó og rapptónlist.“

Svava Björgvinsdóttir söngkona.

Myndin er tekin árið 1994.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRETT 2. nautasteik, 6. tveir eins, 8. eldsneyti, 9. stök, 11. óreiða, 12. duglegur, 14. skorða, 16. upphrópun, 17. galdrastafur, 18. fum, 20. vörumerki, 21. hljómveit.

LÓÐRÉTT 1. vanþókun, 3. kringum, 4. hjálpsamur, 5. titill, 7. deilur, 10. lúsaegg, 13. ónotaður, 15. svara, 16. margsinnis, 19. golf áhald.

LAUSN

ansæ, 16. oft, 19. tí.
5. frá, 7. viðsjár, 10. nið, 13. nyr, 15.

LÓÐRÉTT: 1. svei, 3. um, 4. förnús, rún, 18. fát, 20. ss, 21. trío.

LÁRETT: 2. bútt, 6. v, 8. mór, 9. ein, 11. rd, 12. iðinn, 14. stífa, 16. of, 17.



Góð ráð og gagnlegar upplýsingar um heita vatnið

www.stillumhitann.is



Tíndu hátt í hundrað lítra af skít

„Við höfum gert þetta einu sinni eða tvisvar áður. Aðallega vegna þess að það er illa gengið um á þessum hundasvæðum. Fólk hendir hundunum út úr bílunum en gleymir að tína upp eftir þá,“ segir Stefánía H. Sigurðardóttir, einn af aðstandendum Tryggs, hagsmunasamtaka hundaeigenda. Félagið stóð fyrir skítatínslu á Geirsnefi, á sunnudaginn var, og mættu um tuttugu manns til tínsunnar.

„Með þessu átaki viljum við vekja fólk til meðvitundar um að hundahald í borg er hundahald í borg en ekki í sveit. Það eru líklega sjö til átta þúsund hundar skráðir á landinu og þar af fimm þúsund á höfuðborgarsvæðinu. Menn verða að fara að hugsa dæmið öðruvísi

og tína upp eftir sig því hundar eða jafnvel börn geta farið í þetta,“ segir Stefánía.

Að sögn Stefáníu hefur bóluþefni gegn lifrabólgu í hundum vantað í þrjú ár og því eru komnar kynslóðir hunda sem eru ekki varðar fyrir henni. „Það eru árstíðabundnar sveiflur í veikindum hjá hundum og með því að skilja eftir úrganginn eykur fólk á smíthættuna,“ segir Stefánía en tekur skýrt fram að lifrabólga hunda geti ekki smitast í fólk. „Lifrabólga sem og aðrir sjúkdómar virðast skjóta reglulega upp kollinum og hvolpar sem eru að vaxa úr grasi eru sérlega móttækilegir fyrir þeim. Fólk sem er með got er hætt að fara út þar sem aðrir hundar eru vegna smíthættunnar,“

HUNDAFIJÖR Hundaeigendur komu saman og tíndu skít á Geirsnefi á sunnudaginn var. Lif og fjór var hjá hópnunum þrátt fyrir vont veður.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



segir Stefánía og bætir við. „Það er til dæmis ekki langt síðan ræktandi missti got vegna parvovíruss.“

Í skítatínslnu á sunnudag voru tíndir tveir fullir ruslapokar af skít og öðru drasli, hátt í hundrað lítra. „Glerbrotin og stubbarnir eru

hættulegir og geta stíflað meltingarveginn hjá hundunum. Það eiga allir þetta svæði saman og þá verður það líka að fylgja að fólk sé samtaka í að hreinsa svæðið,“ segir Stefánía hundaeigandi.

- kh

ÞÓRMUNDUR BERGSSON: BYR LEITAR NÝRRA LEIÐA Í AUGLÝSINGUM SÍNUM

Banki borgar bloggurum

„Ég ætla að reyna að kaupa birtingu hjá einum til tveimur í viðbót. Allt er þetta fólk sem kemur oft fyrir á lista yfir vinsæla bloggara,“ segir Þórmundur Bergsson hjá Media Com – birtingaraðila Byrs banka.

Byr hefur gripið til þeirrar nýstárlegu aðferðar að kaupa birtingu auglýsinga sinna hjá völdum bloggurum. Þeir fjórir sem þegar hafa verið valdir eru Óli Björn Kárasón, Elly Ármannsson, Guðmundur Steingrímsson og Pétur Gunnarsson. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fá þeir greitt í kringum fimmtíu þúsund krónur á mánuði en allt er það þó háð samningum milli bankans og blogggaranna hvers um sig.

Þórmundur, sem stjórnar þessu verkefni, segir að til standi að fá tvo til þrjú bloggara til viðbótar í þennan hóp en um tilraunaverkefni er að ræða.

„Ég hef til dæmis ekki náð í Sóleyju Tómasdóttur. Hún er klárlega á listanum. Það skiptir okkur engu máli hvort blogggarinn er framsóknarmaður, sjálfstæðismaður, karl eða kona, við erum ekki að þessu eftir slíkum línunum,“ segir Þórmundur aðspurð hvort bankinn sé með vali sínu að reyna að ná um hið pólitíska svið.

Eingöngu er um að ræða þá sem hýsa

bloggsíður sínar hjá mbl.is. Ástæðan er einkum sú að mbl.is vísar ekki auglýsingum inn á síður blogggaranna sinna og gengur út frá því að bloggsíður þeirra séu eign blogggaranna. Hins vegar mun því svo hátt að, til dæmis á Vísi.is, að þar er auglýsingum veitt inn á síður blogggaranna og hafa þeir ekkert um það að segja.

Trausti Haraldsson, markaðsstjóri hjá Byr, segir bankann rétt að byrja. Byr sjái sér hag í því að vera inni á mbl.is en þar sé eldri markhópur, meiri ímynd og gæði. „Þarna fara almennt inn 130 þúsund á viku.“

Trausti bindur við það vonir að þetta styrki bloggheima. Skrif margra virðast full vinna og bankinn vill með þessu vekja athygli á persónulegri þjónustu sinni. „Þetta er nýr vinkill sem fólk skoðar. Vandamálið með hefðbundna miðla er að þar er reynt að hafa allt hlutlaust. Fólk hefur gaman af umbúðalausum skoðunum.“

Þórmundur segir sig hafa langað að vera inni hjá topp fimm til sjö bloggurum og sjá hvað gerist. „Elly til dæmis, einn mest lesni blogggarinn, henni fannst þetta frekar skemmtilegt og er allt í einu farin að hafa tekjur af pistlum sínum. Ekkert ósvipað og menn fá greitt fyrir pistla í Fréttablaðinu.“

Guðmundur Steingrímsson, einn þeirra útvöldu, segir enga skilmála í samningum. „Þeir vildu auglýsa á heimasíðu minni og það er velkomið. Eins og auglýsendur eru almennt ekki að kaupa fjölmiðla þó þeir auglýsi í þeim. Þetta er hins vegar stór áfangi í sögu þessa miðils: gummisteingrims.blog.is,“ segir Guðmundur Steingrímsson.

jakob@frettabladid.is



ÞÓRMUNDUR BERGSSON Þetta er tilraunaverkefni og til stendur að bæta í hópinn. Þannig er til dæmis feministinn Sóley Tómasdóttir á listanum.

EDALBLOGGARAR Á LAUNUM Fimmtíu þúsund á mánuði renna í vasa þessara eðalbloggara sem Byr hefur valið vegna vinsælda þeirra og umbúðalausra skoðana.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Árni Þór Vigfússon, fyrrum sjónvarpsstjóri Skjás eins og Sirkuss, fékk heldur betur óvæntan glaðning um helgina. Stórvinnur hans og leikhússtjórnin, **Magnús Geir Þórðarsson**, bauð Árna að koma og skoða leikhúsið hjá sér enda Árni mikill leikhúsförmuður. Árni hélt því norður í mesta sakleysi og góðri



trú um að hann væri á leiðinni í mikla menningarferð til höfuðstaðar Norðurlands. Þegar hann bar hins vegar að garði varð sjónvarpsstjórnin hans vegar þess fljótlega áskynja að Magnús hefði óhreint mjöl í pokahorninu

því fyrir norðan biðu Árna góðir vinir og máluðu þeir félagar bæinn rauðan yfir helgina. Tilfnið var ærið því Árni hyggst ganga að eiga unnustu sína Maríko Margrétu og vildu félagarnir því nýta tækifærið og stegja félagana sinn.

Jón Gnarr spígsporar nú um bæinn án síns mikla kennileitis því grínistinn góðkunnir er gleraugnalaus. Jón hefur í þrjú ár notast við gleraugu en fór nýverið í svokallaða leysiaðgerð og sagði í útvarpsþættinum sínum Tívhöfða að hann hefði nú yfir hundrað prósent sjón. Hann lét þess einnig getið að það væri erfitt að venja sig af gleraugnahreyfingum og hann væri því enn að lagfæra gjarðirnar og ætti það til að setja „meint“ gleraugu á náttborðið áður en hann hallaði höfði á kvöldin.



Bítill hermir eftir Hilmarí Jenssyni

Umslag væntanlegrar plötu Sir Paul McCartney, Memory Almost Full, þykir sláandi líkt umslagi fyrstu sólplötu gítarleikarans Hilmaris Jenssonar, Dofinn, sem kom út árið 1995.

Á báðum umslögunum er mynd af hægindastól í forgrunninum með hvítum bakgrunni og eru titlar platnanna jafnframt á svipuðum

stað á umslögunum. Hilmar sagðist í samtali við Fréttablaðið ekki hafa séð umslag McCartney. Fannst honum ákaflega ólíklegt að Bítillinn fyrrverandi hefði stolið hugmyndinni frá honum. „Þetta er bara ein af þessum skemmtilegu tilviljunum,“ segir Hilmar, sem er addandi McCartney eins og svo margir aðrir. „Ég hef nú ekki fylgst mikið með sólóferlinum hans hin síðari ár en ég hlustaði mikið á Bítlanu og Wings og hans fyrstu sólóplötur þegar ég var pjakkur,“ segir hann.

Að sögn Hilmaris voru það hönnuðir umslagsins sem ákváðu að setja hægindastólinn í forgrunninn. „Þeir dattu niður á þetta eftir að þeir fengu titilinn á plötunni. Þeim



HILMAR JENSSON Gítarleikarinn knái er einn af mörgum addaðendum Sir Paul McCartney.

fannst hann vera vísun í að það væri dofi í samfélaginu þar sem fólk væri kannski frekar að fókusera á veraldlega hluti heldur en eitthvað annað.“

Hilmar, sem er upptekinn við að fylgja eftir nýjustu plötu Tyft, Meg Nem Sa, í Evrópu og Bandaríkjunum, segist enn eiga eftir að fara á tónleika með McCartney. „Ég hef ekki ennþá farið en það fer kannski hver að vera síðastur.“

- fb



VORÚTSALA

MYNDAVÉLAR

OG TÖKUVÉLAR MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI

VERÐDÆMI 1



**6 MEGA
PIXEL**

OLYMPUS FE190

STAFRÆN MYNDAVÉL með 6 milljón punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu (35mm samb.: 38 - 114mm), 2.5" LCD skjá, hreyfimynda-töku, 3 myndstærðum, 22Mb innra minni og USB tengingu við tölvu. Tekur xD kort.

TILBOÐ ▶ 17.990

FULLT VERÐ kr. 24.990

VERÐDÆMI 2



FRÁBÆR VIÐ ÖLL BIRTUSKILYRÐI

**7.1 MEGA
PIXEL**

BrightLight
Technology

OLYMPUS MJU740SIL

Digital MYNDAVÉL með 7.1 milljóna punkta upplausn, 5x Optical Zoom og 5.6x Digital, 6.4 - 32mm linsu, 2.5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure, hreyfimynda-töku með hljóði, hristivörn, 8 myndstærðir, Auto Flass og Red Eye Reduction, USB tengingu og 17 Mb minni. Tekur xD kort.

TILBOÐ ▶ 24.990

FULLT VERÐ kr. 33.990

VERÐDÆMI 3



**10 MEGA
PIXEL**

**1GB
xD kort
fylgir!**

OLYMPUS MJU1000

STAFRÆN MYNDAVÉL með 10 milljón punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 5x Digital Zoom, 7.4 - 22.2mm linsu (35mm samb.: 35 - 105mm), 2.5" LCD Skjár (230.000 pixlar), frábær við öll birtuskilyrði, hreyfimynda-töku með hljóði, USB tengingu við tölvu, 28,5Mb innbyggðu minni. Tekur xD kort. 1Gb xD kort fylgir.

TILBOÐ ▶ 29.990

FULLT VERÐ kr. 44.990

VERÐDÆMI 4

Everio Share Station

**20GB
HARÐUR
DISKUR**

**SKRIFAR
BEINT Á
DVD DISKA**



JVC GZMG47SHARE

Órsmá Digital Media TÖKUVÉL með 20GB hörðum disk (allt að 25 tíma upptaka) og innbyggðri kyrrmyndavél, 1/5" upptökufloðu með 1.33 MegaPixel upplausn, 2.7" LCD skjá, F1.2 linsu, tekur Secure Digital kort, 15x Optical Zoom og 700x Digital Zoom, Dolby Digital hljódupptöku og USB 2.0. Everio Share Station fylgir. Tekur SecureDigital kort.

TILBOÐ ▶ 64.990

FULLT VERÐ kr. 74.990

VERÐDÆMI 5

TÖKUVÉL ÁN SPÓLU

**JVC
GZMG500**

**5 MEGA
PIXEL
KYRRMYNDAVÉL**

**MEÐ
4GB
MicroDrive**



Ótrúlega Nett Digital Media TÖKUVÉL með þremur 1/4.5" upptökufloðum með 1.33 MegaPixel upplausn, 5 Megapixel kyrrmyndötöku (2.560x1.920 Pixlar), 1.8" LCD skjá, 4GB MicroDrive, hægt að taka upp á Microdrive, CompactFlash og SecureDigital kort. 10x Optical Zoom og 200x Digital Zoom, innbyggðri vef og kyrrmyndavél, Dolby Digital hljóð-upptaka, Snapshot möguleiki, titrings-deyli og USB2 tengi. Stærð í sm (b x h x d): 8.0x5.5x11.8. Þyngd 400 grömm.

TILBOÐ ▶ 94.990

FULLT VERÐ kr. 149.990

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

ÚTVÖRÐ FERÐATAEKI MINNISKORT HEYRNARTÓL FERÐATÖLVUR
MP3 SPILARAR HLJÓMTAEKI IPOD HÁTALARAR STAFRÆNAR
MYNDAVÉLAR BÍLTAEKI OG FLEIRA



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is



BAKÞANKAR

ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR

Á ég að gæta
systur minnar?

Systir mín hefur staðið í Ströngu í samskiptum sínum við Tryggingastofnun undanfarin misseri. Fyrir aldarfjórðungi þurfti að fjarlægja skjaldkirtil hennar en fyrir mistök voru kalkkirtlarnir teknir líka. Eftir það er ekki nóg að drekka tvö mjólkurglós á dag. Raunar verður skaðinn aldrei bættur, því afleiddur heilsubrestur er mikill, en til að halda lífi er nauðsynlegt að taka stóra skammta af kalki daglega. Sem hún hefur gert og þar til nýlega að mestu á eigin kostnað.

AÐGERÐIN var gerð áður en sjúklingar öðluðust lagalegan rétt gagnvart læknamistökum enda stóð aldrei til að draga einhvern til ábyrgðar. Hins vegar fannst systur minni alltaf dálítið skrytið að þurfa sjálf að greiða hin nauðsynlegu kalklyf fyrir mistök opinbers starfsmanns. Árlega sótti hún um og fékk lyfjaskirteini frá Tryggingastofnun sem veitti henni 500 króna afslátt af hinum rándýru lyfjum. Það er reyndar töluvert moj að sækja um svona afsláttarkort, því í hvert skipti þarf að mæta til sérfræðings og greiða fyrir læknisvottorð. Persónulega hefði ég bara nennt að sækja um einu sinni enda húðlöt að eðlisfari, en það er systir mín ekki.


TUTTUGU ÁRUM eftir læknamistökin komst hún að því fyrir tilviljun að til væri reglugerð sem segir að fólk í hennar stöðu eigi að fá lyfin ókeypis. Þegar hún spurði um ástæðuna fyrir að hafa ekki áður fengið þá réttlátu afgreiðslu fékk hún hortugt svar frá lögfræðideildinni um að henni væri nær, hún hefði aldrei kært ákvarðanir þeirra. Ósk um endurgreiðslu útlagðs kostnaðar var svarað með harðsnúinni sveit lögfræðinga sem í mála-vafstri sínu síðan hafa sennilega kostað margfalda þá leiðréttingu sem farið var fram á. Eftir flóknar krókaleiðir um myrkviði kerfisins hefur enn ekki fengist önnur niðurstaða en sú að mikilvægt er að vera við hestaheilsu í glímunni við stofnun sem vera á veikum skjól og vörn.

Í TÍLEFNI af alþjóðlegri ráðstefnu um bóta- og tryggingasvik játar forstjóri TR að sífelldur ótti við svindl kveiki tortryggni starfsfólks sem bitni aðallega á saklausum skjólstæðingum. Heiðarleikinn fer forstjóranum vel. Ef til vill heldur hann næst ráðstefnu um réttláta málsmeðferð.

**Gefðu
dýrmætasta
efni í heimi**

**Hjálparstarf
kirkjunnar**
www.hjelp.is

www.toyota.is



Láttu reyna á'ann

ÍSLENSKA SÍLA SÍL TOY 26069 02/07

Hilux - Enn betri með stærri vél

Nú er ekki hægt að standast það lengur að setjast undir stýri á Hilux Double Cab, fjallkóngi, vinnuþjarki og borgarbarni sem enginn stenst snúning við íslenskar aðstæður. Þú færð ekki styrk og öryggi á hagstæðara verði.

Nýr Hilux er með öflugri 3,0 lítra D-4D dísilvél (common rail turbo). Hann er rýmri, hljóðlátari, rennilegri og getur tekist á við mun kröfuharðari verkefni en áður.

Verð 3.090.000 kr.*

*Gildir fyrir Hilux Double Cab



TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070